

空手道

KARATE-DO



Meðal efnis:

HM '84 • NM '84 • Ninja • Goju-ryu • Seppuku
Ert þú auðvelt fórnarlamb? • Og margt fleira

Karateneftnd ÍSÍ

Um mánðarmótin apríl-mai mættust forráðamenn hestu karatefélöganna (og deilda) á fundi þar sem ákveðið var að stofna karateneftnd ÍSÍ. Þar var sambýkkt að skipta Ólaf Wallevík landsliðspjálfara og kosið í karateneftnd ÍSÍ. Málið var síðan lagt fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ, sem skipaði í nefndina, eftir tilnefningu fundar karatemanna, þá: Hannes Hilmarsson, Stjörnunni, Stefán Alfreðsson, Stjörnunni, Karl Gauta Hjaltason, Þórshamri, Árna Einarsson, Karatefélaginu og Ágúst Ósterby, Selfossi.

Einnig var óskað eftir stofnun sérsambands og er það nú í athugun hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

A-stig ÍSÍ

Í maí síðastliðnum hélt Gerpla A-stigs þjálfara námskeið og m.a. í karate. Verklegu kennsluna annaðist Karl Gauti og sá hann um að semja smá pistil um karate. Nú er í vinnslu kennsluefni á vegum karateneftdarinnar og verður vonandi hægt að halda námskeið í haust.

SA

Frans Bork

Frans Bork kom hingað til lands í sumar á vegum SKSÍ. Hann hafði æfingabúdir og prófaði í lokin 2 í shodan, þá Karl Sigurjónsson og Gisla Klemensson, Þórshamri.

KARATE-DO nr. 1 1985

Útgefandi:

Karatefélag Reykjavíkur
Ármúla 36
108 Reykjavík
sími (91) 35025

Höfundar og þýðendur efnis:

Árni Einarsson,
Karl Gauti Hjaltason,
Sigurður Ragnarsson,
Stefán Alfreðsson,
Helgi Briem Magnússon

Útlit og umsjón með gerð blaðsins:

Matthias Frimannsson,
Sigurður Ragnarsson,
Stefán Alfreðsson,

Ljósmyndir:

Andrés Hafliðason,
Arnar Hákonarson,
Atli Erlendsson,
Árni Einarsson,
Bjarni Jónsson,
Stefán Alfreðsson,
Þór Ólafsson.

Ábyrgðarmaður:

Gestur Skarphéðinsson.

Landslið Íslands á NM '84.

Aftari röð f.v.: Ómar Ívarsson, Jónína Olesen, Stefán Alfreðsson, Karl Sigurjónsson.

Fremri röð f.v.: Ólafur Wallevík landsliðs-
pjálfari, Atli Erlendsson, Árni Einarsson.

Shotokanmeistaramótíð '84

Shotokanmeistaramótíð '84 var haldið helgina 3.—4. mars. Fyrri hluti mótsins var haldinn í Íþróttahúsi Gerplu, Kópavogi, en seinni hlutinn í Laugardalshöll kvöldið eftir.

Kept var í kata unglings, kata kvenna, kata karla og hópkata. Síðan var opin flókkur í kumite.

Úrslit mótsins urðu:

Kata unglings:

1. Svanur Eyþórsson, Þórshamri
2. Narfi Stefánsson, Gerplu
3. Haukur Baldvinsson, Gerplu

Kata kvenna:

1. Elin Elva Grimsdóttir, Þórshamri
2. Sigrún Guðmundsdóttir, Þórshamri
3. Kristín Einarsdóttir, Gerplu

Kata karla:

1. Karl Sigurjónsson, Þórshamri
2. Ágúst Ósterby, Selfossi
3. Karl Gauti Hjaltason, Þórshamri

Hópkata:

1. Karl Gauti Hjaltason,
Karl Sigurjónsson
Gisli Klemensson, Þórshamri
2. Sigþór Markússon
Svanur Eyþórsson
Hreðar Gunnlaugsson, Þórshamri
3. Grímur Áðalsteinnsson,
Guðni Pálsson,
Helgi Halldórsson, Gerplu

Kumite:

1. Gisli Klemensson, Þórshamri
2. Karl Sigurjónsson, Þórshamri
3. Ævar Þorsteinsson, Gerplu

Auk þess var veittur kristalvasi þeim er þótti hafa gert bestu tæknina. Í dómnefnd voru þeir Atli Erlendsson og Árni Einarsson, báðir úr Karatefélagini og Ólafur Wallevík. Niðurstaða þeirra var sú, að hann skyldi veiltur Ævari Þorsteinssyni, fyrir glæsilegt ura uchi. Það vakti og athygli hve sigurvegarinn í kumite komst létt í gegnum keppnina.

Eitt atriði setti ákaflega ljótan svip á mótið, en það voru fífilaðar í þjálfurum Þórshamars og Gerplu, pótt Þórshamar bæri af. Skripaleikurinn í þjálfara Þórshamars, var miklu líkari því, að hann væri að stjórn flokki trúða heldur en keppendum, sem æfa karate-do. Til dæmis stóð hann ævinlega fyrir aftan SUMA af sínum mönnum og reyndi með ýmsum látum að hafa áhrif á dómarrann til að fá stig fyrir of mikla snertingu, hann öskraði allan tímann á meðan á keppni stóð. Er hann kepti sjálfur greip hann ævinlega um hendina á sér og lyfti henni hátt á loft, þegar hann ætlaði að sýna að hann hafi fengið stig. Mér er spurn hvort maðurinn eigi ekki frekar heima í trúðaleikhúsí, heldur en í karate?

Skemmtilegra var að sjá Sindramenn takta þátt í sinu fyrsta móti.

Áðaldómar mótsins var Ólafur Wallevík og fórst honum dómgaðslen vel úr hendi.

SA

INNANFÉLAGSMÓT KARATEFÉLAGSINS 1984

Innanfélagsmót Karatefélagsins var haldið þann 8. des. 1984 í Hvassaleitisskóla. Kept var í kata og kumite.

Í kata náði Jóhannes strax töluverðri forystu, en harðari og jafnari baráttu varð um annað og briða sætið. Til úrslita keptu 5 manns. Margrét Björnsdóttir átti góða möguleika á verðlaunum, en mistókst í sinni kötunni og varð því af verðlaununum.

Úrslit urðu annars:

1. Jóhannes Karlsson
2. Sigurjón Gunnsteinsson

3. Kári Ragnarsson og Halldór Svavarsson

Í kumite var einnig hart barist og því nokkuð um refsistig. Jóhannes sigraði aftur og það með glæsibrag.

Úrslit í kata urðu:

1. Jóhannes Karlsson
2. Halldór Svavarsson
3. Konráð Stefánsson
4. Einar Guðbrandsson

Mótið gekk fljótt og vel fyrir sig, yfirðomari var Árni Einarsson.

INNANFÉLAGSMÓT STJÖRNUNNAR 1984

Innanfélagsmót Stjörnunnar var haldið 28. des. 1984 í Ásgarði, Garðabæ. Kept var í kata fullorðina og kumite og svo kata barna.

Í kata barna sigraði UMSK-meistarinn Kristbjörn Búason en Einar og Gisli sýndu að þeir standa honum ekki langt að baki og veita honum harða keppni.

Í kata fullorðina sigraði Hannes með yfirburðum. Hjalti hefði getað veitt honum harða keppni, en hann gerði slæm mistök og hafnaði því í 4rða sæti.

Í kumite sigraði gamli garpurinn Hannes eftir harða keppni við Hjalta.

Úrslit urðu því:

Kata barna:

1. Kristbjörn Búason
2. Einar Kári Björgvinsson
3. Gisli Helgason

Kata fullorðina:

1. Hannes Hilmarsson
2. Þróstur Einarsson
3. Örn Jónsson

Kumite:

1. Hannes Hilmarsson
2. Hjalti Kristjánsson
3. Örn Jónsson

BROSAÐ VIÐ AFMÆLISBARNI

Kveðja frá fyrsta formanni félagsins

Tiu ár eru eflaust ekki langt æviskeið í landi með ellefu alda sögu og þar sem skáldin yrkja um þúsund ár sem dag ei meir. Þrátt fyrir það er tím ára afmælið afar merkilegur áfangi hjá Karatefélagi Reykjavíkur og full ástæða til að óska félagsmönnum til hamingju með daginn. Einkum og sér í lagi hljótum við stofnendur félagsins að líta glaðir um öxl og horfa vongóðir fram á veginn við þessi tímamót. Við brosum í kampinn.

Fámannur hópur áhugamanna byrjaði æfingar tvisvar í viku undir stjórn Reynis Santos í hlíðarsal við Baldurshaga undir stúku Laugardalsvallar haustið 1973. Stillinn hét þá tang soo doo muck kwan og átti rætur að rekja austur til Kóreu. Menn æfðu í misjöfnum íþróttafötum eða notuðu jafnvel sundskýlur. Flestir þeirra, sem þarna stigu fyrstu karateskrefin, hafa nú snúið sér að öðrum viðfangsefnum í tómstundum sínum. Andrés Hafliðason heldur þó uppi merki feðranna vestur í Kaliforníufylki í Bandaríkjum.


Um sumarið missti hópurinn æfingaplássið og flutti sig um set yfir í leikfimisal Laugarnesskóla handan Reykjavígar. Þaðan lá leiðin næsta haust i litinn sal á annarri hæð í Orkuhúsinu við Laugaveg og voru þar hvorki sturtubööd né sæmilegur vaskur. Félagsmenn skiptu þar með sér verkum með gamla laginu: Einn sá um málningu og annar um gluggatjöld. Sá þriðji sló taktinn við æfingar, því að enginn var þjálfarinn. Þannig leið lunginn úr vetrinum uns Kenichi Takefusa rak á fjörur félagsins. Þá var breytt um stil og tekinn upp japanskur goju-ryu. Flestir félagsmenn höfðu eignast sina búninga, þegar hér var komið sögu.

Um sama leyti skall karatebylgjan á ströndum landsins með kvikmyndum Bruce Lee í Austurbæjarþrótt. Þá fylltist salur félagsins fljótlega og biðraðir náðu niður allan stigaganginn á hverju kvöldi. Þegar félagið hafði vaxið svo hratt upp úr fötunum sínum var ljóst, að nýr æfingasalur boldi enga bið. Þá var ráðist í að innréttu aðra hæðina í Ármúla 28, þar sem félagið var til húsa til skamms tíma. Þær framkvæmdir reyndust féluginu þungar í skauti, en svo mikill var áhugi manna á íþróttinni um þessar mundir, að félagsgjöld stöðu vel undir innréttungum ásamt launum til þjálfara og öðrum kostnaði. Félagið hlaut þá enga hjálp utan frá og fékk ekki opinbera styrki eða lán. Í raun var Karatefélag Reykjavíkur eina félag áhugamanna um íþróttir á Íslandi og utan við öll samtök. Nú á tímum félagslegra úrlausna gætu margir tekið sér þetta tímabil í sögu félagsins til fyrirmynnar.

Framhaldið af sögu félagsins heyrir til samtíðinni. Það hefur staðið vörðum karateíþróttina og er áfram langöflugasta félag sinnar tegundar á Íslandi. Eftir að hafa sótt nokkrar æfingar hér í sumar, er mér ljóst, að féluginu er vel borgið og efniviður nógur. Japansför á sínum tíma og glæsileg þátttaka í Norðurlandamótinu í Noregi í haust er góður vitnisburður um prýðilegt starf innan Karatefélags Reykjavíkur. Og þótt elli kerling vinni hægt og bitandi á okkur eldri félagsmönnum þurfum við engu að kvíða. Stöðugt bælast nýir félagar í skörðin. Þess vegna höldum við áfram að brosa í kampinn.

Ásgeir Hannes Eiríksson,
fyrrverandi formaður Karatefélags Reykjavíkur.

Meistarar og stílategundir



Margir velta því fyrir sér hver sé uppruni karate og hver sé munurinn á öllum þessum stílategundum. Af hverju er þessi munur og af hverju stafar hann? Svona mætti lengi halda áfram að spyrja. Það er ekki ætlunin að gefa nein tæmandi svör núna, en í næstu tölublöðum munum við reyna að greina frá a.m.k. sumum þessara meistara og stílategundum þeirra.

Á myndinni má sjá eins konar ættartré karate, en flestir Íslendingar hafa mikinn áhuga á ættum.

Ankoh Itosu og Kanruo Higaonna voru meistara á Okinawa og fulltrúar tveggja all ólíkra stílategunda, önnur hörð, hin svokölluð mjúk. Eins og sjá má eru goju og shotokan upprunnin sitt frá hvorum meiði. Mabuni Kenwa nam aftur af

þessum báðum, sem hægt er að sjá á því hvaða kata þeir æfa í shito-ryu. Það eru kata pinan (= heian), sanchin og tensho.

Fraegasti nemandi Itosu var Gichin Funakoshi, sem lagði grunninn að því, sem nú er kallað shotokan. Nemandi Funakoshi var Hironori Otsuka, stofnandi wado-ryu (wa = friður), en hann lést á nýliðnu ári. Af nemendum hans er Suzuki frægastur, en hann hefur þjálfað marga góða keppendur (karatemenn) hér í Evrópu.

Er Funakoshi dó urðu deilur um það hver stefnan ætti að vera og hver ætti að leiða samtökum. Útkoman varð sú að Egami stofnaði sinn eiginn stil, shotokan.

Sá, sem hefur mest mótað shotokan er tvimælalaust Nakayama.

Vegur shotokans hefur vaxið jafnt og þétt um allan heim undir stjórn hans. Hann setti fíjótlega á stofn sérstakan skóla fyrir væntanlega kennara hjá Japanska karate sambandinu (JKA). Þaðan hafa margir frægir kappar komið svo sem: Enoeda, Kase, Kawasoe, Tanaka, Oshi og Kanazawa, sem klauf sig reyndar frá um 1975. Frá þessum köppum eru margir helstu karatemenn í Evrópu komnir. Þeir eru m.a. Valera frá Frakklandi, hann æfði einnig wado og issin-ryu, Falsoni frá Ítalíu, Bork og Steinegg í Þýskalandi, Cattle, O'Neil og Brennan frá Bretlandi, Ted Hedlund í Svíþjóð og þannig mætti lengi telja.

Nemendur Kenwa stofnanda shito-ryu voru m.a. Tani og Dem-

ura. Demura starfar í Bandaríkjunum og er mjög virtur þar. Tani stofnar svo shukokan og afsprengi hans er Nanbu. Nanbu þróar síðan sitt eigið kerfi, sankukan. Þessar stiltegundir eiga tölveröð ítök í Evrópu og eru oft hátt skrifaðar á mótmum. Nemendur Tani voru einnig Eva og Kimura, sem þjálfað hafa Knighton og Higgins frá Bretlandi, en þeir eiga frábæra afrekaskrá.



Frægast nemandi Higaonna var Chojun Miyagi. Af Miyagi fara þær sögur að hann hafi verið nautsterkur og einhver leiknasti karatemaður er uppi hefur verið, en einnig um leið sá vingjarnlegasti og litillátasti. Hann lagði grunninn að goju snemma á þessari öld. Um 1930 hittast þeir Miyagi og Gogen Yamagushi. Þá hafði Yamagushi æft goju í um 10 ár og fengið viðurnefnið Gogen (röff). Miyagi skipaði Yamagushi yfirmeistara í Japan og eftirmann sinn að sér látnum. Yamagushi stofnaði síðan goju-kai (kai = samband) í Japan. Frá goju-kai koma synir Gogens: Gosei, sem nú er í Bandaríkjunum og Gos-en og Goshi, sem eru í Japan. Af öðrum nemendum hans má nefna Ishigoka og Yamada í Þýskalandi, de Jong í Svíþjóð, Ceberano í Ástralíu.

Einn frægasti nemandi Yamagushi er Mas Oyama. Hann stofnaði sitt eigið samband, Kyokushin-aki. Hann mun hafa æft fleiri stiltegundir, svo sem shotokan. Nemendur Oyama voru kappar eins og Sato, Nakamura, Arneil, Donovan, Fitkin og Collins.

Útbreiddstu stiltegundirnar í Japan eru shotokan, goju-ryu, shito-ryu og wado-ryu. Þegar komið er út fyrir Japan riðlast þetta og alls kyns stiltegundir (ryu) geta orðið öflugar, þótt varla viti sála um þær í Japan.

Ég vona, að þið hafið orðið einhvers visari, en það er erfitt að gera slikt efni góð skil í svona stuttum texta.

SA



Efst: Gogen Yamaguchi.
Neðst t.v.: Hironori Otsuka.
Neðst t.h.: Yoshinao Nanbu.

Úttekt á Karateíþróttinni hérlendis

Það er fjarri áhugamálum flestra íþróttamanna að skoða töflur og spá i tölur, nema þá helst markatöflur og stig i keppni.

En flestir hafa þó áhuga á ýmsu öðru í sambandi við íþróttina en bara að æfa hana og fylgjast með úrslitum í keppni. Mörgum verður íþrótt stendur sig í að fá til fylgis við sig enn fleiri þáttakendur og einnig til hvaða aldurshóps hver íþrótt höfðar.

Ef talað er um golf, þá eru þáttakendur í þeirri íþrótt taldir eldri menn, ef til vills með svoltla forstjórvömb, og ef talað er um karate meðal fólks vill það halda því fram, að í þeirri íþrótt séu aðallega unglingsstrákar.

EKKI veit ég um aldur þeirra, sem stunda golfíþróttina, en ég ætla í þessari grein að fjalla örliði um þessa þætti karateíþróttarinnar.

Ef við snúum okkur fyrst að kynskiptingunni í karate þá gluggaði ég í félagaskrá Karatefélagsins Þórshamars, þar sem skráðir eru 202 félagar (en félagar verða flestir, sem aeft hafa í 3-4 mánuði með félagini). Við þessa athugun mána kom í ljós að kvenmenn eru 42, sem er um 21% á móti 79% karlmannna. En við nánari athugun kom í ljós, að hlutur kvenfólks hafði aukist mjög síðustu tvö árin, miðað við fyrstu tvö, eða úr 14% í 28%, sem er 100% aukning. Kunnugir segja, að hlutfall kvenfólks sé um 30-40% í öðrum löndum, svo að búast má við, að kvenfólk fari enn fjolgandi í karate, og sé sókn þeirra því á flestum sviðum, þar sem áður hafi karlmann verið í meirihluta.

En hvernig er aldursskiptingin í karate? Til þess að rannsaka það studdist ég við skrá yfir þá, sem hófu æfingar hjá Þórshamri, fyrst árin 1979-1980, þar sem úrtak varð 295 manns og síðan 1983, þar sem úrtakið varð 145 manns. Úrtakinu er skipt í 8 aldurshópa og breytt í prósent til þess að fá samanburð á hugsanlegum sveiflum milli tímabilanna tveggja.

Ef tafla þessi er skoðuð nánar kemur í ljós að miklar breytingar hafa orðið. Aldur þeirra, sem hefja æfingar dreifðist bæði niður á við til yngri aldurshópa og einnig til þeirra eldri. 1979-80 var mikil einstefna og voru aldurshóparnir 12-18 ára í miklum meirihluta, en nú er svo komið að aldurshópurinn yfir tvítuft hefur stækkað úr 13% í 22% og yngri en 12 ára úr 2% í 14%.

Hessum breytingum má kenna (þakka) að nokkuð leyti þeirri heilsuræktarsveiflu, sem hingað hefur borist, og fólk er farið að átta sig á því, að ræktun likamans er ekki einungis bundin við unglingsárin, heldur er það ævistarfi hvers og eins að viðhalda likamanum og öðlast með því betra líf.

Um fjölgun í yngri aldurshópnum er ekkert nema gott að segja, ánægjulegt er að yngstu krakkarnir kunni að meta íþróttina, þótt aginn sé kannski ekki það, sem þeir eiga að venjast úr öðrum íþróttum.

Nú er tala þeirra, sem æfa reglugæla karate hérlendis um 650, og eru þá aðeins þeir taldir, sem stunda íþróttina á hverjum tíma (ekki þeir meðtaldir, sem eru félagar, en æfa ekki o.s.frv.). Í þessu til-liti má skjóta því inn í, að svo virðist sem einhverjur furðulegir útreikningar séu stundaðir, þegar gefin er upp tala þeirra, sem stunda íþróttir hérlendis og eru þessar tölur í engu samræmi við það, sem maður sér ef betur er að gáð. En slikar falsanir er eflaust hægt að rekja til stórorustunnar um styrkina.


Nú stunda tæplega 0,3% Íslendinga karateíþróttina, sem er geysimikið miðað við t.d. Þýskaland, þar sem rúmlega 0,1% stunda karate, Noreg með 0,1% og Svíþjóð með tæplega 0,1% (þetta eru tölur, sem ég veit ekki nákvæmlega hvernig eru fengnar, virkir félagar eða bara félagar, en það skiptir miklu máli).

Við skórum fram úr að venju „miðað við fólkfjölda“.

Ef við litum á einstaka staði hérlendis, og enn er aðeins miðað við virka félaga, er þátttaka þessi:

Reykjavík 300 manns eða 0,36%
Kópavogur 100 manns eða 0,71%
Garðabær 50 manns eða 0,96%
Selfoss 40 manns eða 1,16%
Höfn 60 manns eða 4,02%
Allt landið 650 manns eða 0,28%

Ath. ekki eru öll félög á landinu með í upptalningunni.



EKKI er ósennillegt, að með áframhaldandi útbreiðslu íþróttarinnar nái hún til 1% landsmanna, en það er verðugt takmark félaganna.

EKKI er án efa, að hlutur Reykjavíkur gæti verið mun stærri með fleiri félögum viðar um borgina. Karatelfi virðist vera hvað öflugast á Höfn í Hornafirði og kemur það heim og saman við fréttir þaðan. Þetta ætti líka að sýna þeim Selfyssingum, Norðfirðingum og öðrum félögum í slikum bæjum hvað er unnt að ná góðri þátttöku, ef elja og vilji er fyrir hendi.

Karl Gauti Hjaltason,



Stórfréttir úr heimi karatestjórnála

Eins og sagt var frá í síðasta tölublaði BÆKLINGSINS þá gaf Alþjóða Olympiunefndin (IOC) heimssamböndunum tveimur WUKO og IAKF frest til apríl 1983 til að sameinast, ef þau vilja að karate verði með á Ólympiuleikunum 1992. Karateheimssamböndin tvö sáu sitt óvænna og héldu fund i Kairo í Egyptalandi. Þess má geta að Sadat og Begin héldu sögulegan fund í sama fundarsal á sínum tíma.

Fyrir þá, sem ekki þekkja núverandi stöðu mála, skal upplýst, að WUKO er í General Assembly of International Sporting Federations. En aðild að þessum samtökum er skilyrði fyrir aðild að Alþjóða Olympiunefndinni (IOC). Er Alþjóða Ólympiunefndinni barst til eyrna að karate væri sundrað í tvö samtök, var það skilyrði sett, að fyrst yrðu samböndin tvö sameinuð, áður en aðild að Ólympiuleikunum fengist.

Í lögum IOC segir, að hver sú íþrótt, sem sótt er um aðild að IOC fyrir, verði að vera ólik öðrum íþrótt-

um, sem aðild eiga að leikunum. Tae kwon do er nú þegar viðurkennt af IOC og er því skrefi framar en karate. Annað, sem skipt gæti mál, er hvar Ólympiuleikarnir 1992 fara fram. Nú sem stendur koma tveir staðir til greina, Barcelona og Paris. Háttsettur stjórnálamaður í IOC er Spánverji og heitir Samarance. Sonur hans er aftur háttsettur í World Tae Kwo Do Federation. Meira þarf liklega ekki að segja. Aftur á móti, ef leikarnir fara fram í Paris, er Jacques Delcourt forseti WUKO í góðri aðstöðu til að hafa áhrif, sem væru hagstæð karate. Annað, sem reynst gæti karate hagstætt, er sá klofningur, sem kominn er upp innan tae kwon do, en það er klofnað í tvö heimssambönd. Þó virðist tkd vera úr sögunni, því að nýjustu fréttir herma, að austantjaldslöndin vilji ekki, að keppt verði á grundvelli tkd.

Leið karate á Ólympiuleikana er langt frá því að vera greið, jafnvel þótt eining náist. Með þetta í huga mætti nefna frá WUKO með Delcourt í broddi fylkingar og önnur frá



Konur keppa ekki í kumite í IAKF. Myndin er frá NM '83.



Myndin er frá óðru heimsmeistaramóti IAKF í Tokyo 1977.


IAKF með Nishiyama í forsæti. Ár-angur fundarins varð meiri en bjart-sýnstu menn þorðu að vona. Í stuttu máli þá var ákveðið að stofna sameiginlegt samband WUKO og IAKF í 1 ár. Pennan tíma munu bæði samböndin halda áfram að starfa meðan unnið er að því að gera sameiginlegar keppnisreglur og lög. Í WUKO keppni er keppt í þyngdarflokkum í einstaklingskeppninni og svokallað speglakerfi notað í dómgaæslunni, þ.e.a.s. tveir dómarar eru inni á vellinum and-spænis hvor öðrum og sanbon kerfi notað, þ.e. þrjú ippon eða sex was-ari. IAKF kerfið styður ekki þyngdarflokkaskipunina, hefur fjóra hornadómara með veifur, auk eins aðaldómara og shobuippon (eins stigs) keppni.

Til að prófa samvinnu aðilanna tveggja verður haldið World Cup í Budapest í mars eða apríl 1984. Þar verður einstaklingskeppni í karla og kvenna flokkum í kumite og kata, auk liðakeppni í kata. WUKO reglur munu gilda í hinum sex þyngdarflokkum einstaklingskeppninnar, en IAKF í opna floknum og kata. Ef þessi tilraun gengur vel, þá mun verða haldið alvöru heimsmeistaramót í Kairo í nóvember 1985. Áður en þetta verður hægt, er nauðsynlegt að ganga frá ýmsum hitamálum.

Meðal þeirra mála, sem ekki hefur tekist að ná samkomulagi um, er nafn á hinu nýja sameiginlega sambandi. IAKF lagði til International Karate Federation (IFK) en WUKO stakk upp á World Karate Federation (WKF). Einnig er óein-ing um forseta hins nýja sambands og vandamálið er hvernig á að gera Delcourt forseta WUKO og Nishiyama forseta IAKF jafn hátt undir höfði. Vonast er til að leyst verði úr þessum málum og ýmsum fleiri, sem enn standa í veginum fyrir sameiningu karateþróttarinnar um heim allan.


Við hér á Íslandi erum enn utan við öll heimssambond og liggur okkur líklega ekki á að ganga í þau fyrr en málin liggja ljós fyrir úti í hinum stóra heimi. Óll hin Norðurlöndin eru í WUKO.

Þess má geta, að nú er hafinn undirbúnungur að stofnun Karate-sambands Íslands og mun það væntanlega í framtíðinni sjá um að karatekar á Íslandi komist í betra samband við umheiminn.



1. Tae kwon do reglur:

1. Hér er sýnt hvernig hægt er að hagnast á stöðu likamans. Maðurinn hægra megin stekkur inn í með mawashi geri í höfuðið, sem er leyfilegt.



2. Maðurinn vinstra megin svarar með ushido mawashi geri í andlit. Vegna þess að maðurinn vinstra megin skiptir um stöðu, þannig að hann snýr nú bak í andstæðinginn, þá fær sá hægri ekkert stig, því það er ekki leyfilegt að sparka í baklö.



„Mér þykir það leitt. Hann er á Karatenámskeiði.“

NINJA

Þýtt og endursagt
Sigurður Ragnarsson

Án efa hafa ýmsir heyrt minnst á NINJA og setja það gjarna í samband við svartklæddar verur, sem hafa það fyrir iðju að drepa menn að næturlagi. Í þessum greinarstúf verður fjallað lítillega um þessa japónsku njósnara og hvað þeir voru í raun og veru.



Í aldaraðir voru ninjar þekktir sem mjög hættulegir einstaklingar og ekki að ástæðulausu, þar sem þeir voru njósnarar og hryðjuverkamenn sins tíma. „List“ þeirra var innblásin þeiri hugmynd að snúa aldrei baki við nokkru verkefni vegna sjálfelsku eða eิงingirni. Af þessu leiddi, að þeir voru reiðubúnir að ganga í gegnum ótrúlega erfða þjálfun og tilbúnir að fórnar miklu. Þótt mikilvægi ninja heyri nú sögunni til og sé baðað rómantiskum ljóma, er þó ýmislegt i starfsemi þeirra, sem vert er að gefa gaum.

Það, sem í dag er kallað vígþróttir, á ekkert skyldt við bardaga-áðferðir ninja, sem oftar en ekki voru glæpsamlegar. Það er þó svo, að þekking á ninja kennir okkur, að hægt er að nota sóknar- og varnar-tækni vigiprópta á neikvæðan hátt, ef ekki er rétt að málum staðið. Þekking á ninja því nauðsynleg hverjum þeim, er þekkja vill þróun og sögu vígiprópta og kunna skil á því, hvað þær eru í raun.



Hinar glæstu herferðir SAMURAI-hermannanna megnuðu ekki alltaf að tryggja léñsherrum völd og áhrif. Njósnir, morð og aðrar viðlika áðferðir komu þá að góð gangi og var vel skipulagt njósnakerfi óað-skiljanlegur hluti trausts valdakerfis. Í Japan voru þessi „skitverk“ unnin af sérbjálfuðum einstaklingum: ninjum. Uppruna þeirra má að likindum rekja allt aftur til Forn-Kinverja, en þeir höfðu þá þegar þróað njósnavisindin að einhverju marki. Einn af mestu herfræðingum landsins, SUN TZU, ritaði bók er fjallaði um hernaðartækni, en var einnig nokkurs konar handbók í njósnafræðum. Virðist sem svo, að rætur ninjavísindanna megi rekja til þessarar bókar. Í Japan var það ekki fyrr en á HEIJAN-tímabilinu (9.-12. öld), sem verulega fór að bera á ninjum og list þeirra. Á þessum tíma komust þrír YAMABUSHI til valda í Kyoto. Yamabushi merkir fjallastríðsmaður og voru í Japan tugþúsundir slikra manna, sem í tryggð sinni við hefðir SHINTO-rábragðanna dýrkauð fjöllin. Helgudu þeir minnst eitt hundrað dögum á ári hverju bæn og meinlæta-lifnaði.

Yamabushimeistarar þróuðu með sér þekkingu á dulsálarfræði og einnig tækni til að þola sársauka, t.d. mikinn hita og kulda.

Ninjar voru ekki yamabushi, en samt sem áður voru þeir menn fjallanna, ekki vegna dýrkunar á þeim, heldur komu þeir flestir frá fjalla-svæðum í IGA og KOGA héraðum. Einangraðir á þessum svæðum gátu þeir auðveldar varist herjum hinna ýmsu stjórna, er oftlega

reyndu að eyða þeim. Við varnir þessar beittu ninjar ýmsum brögðum og má sem dæmi nefna, að á heimili eins þeirra hafa fundist áttáti beinagrindur. Höfðu menn þeir, er þessar beinagrindur voru af, verið leiddir í gildru, sem varpaði þeim umsvifalaust í djúpa gryfju, þar sem þeir síðan létu lífið. Það er ef til vill dæmigert fyrir ninja og starfsaðferðir þeirra, að gildrubúnaður var hafður rétt innan aðalinngangsins.



Telja má víst að ninja og yama-bushi hafi átt ýmis svipuð leyndarmál. Þessi leyndarmál hafa liklega verið á sviði dulsálarfræðinnar og einnig í áðurnefndri tækni til varnar sársauka. Öll meiriháttar leyndarmál sin höfðu ninjar á dulmáli til varnar utanaðkomandi hnýsni. Nú á tínum njósnakerfisins og sem fyrr hulið leynd.

Ninjar voru ekki óvenjulegir né heldur venjulegir einstaklingar. Þeir voru öðruvísi. Hin mikla og erfða þjálfun þeirra hófst strax í barnæsku og lærðu þeir meðal annars að kippa beinum í líkama sínum úr liði, meðal annars til þess að komast í gegn um mikil þrengsli. Þeir lærðu að klifa tré likt og kettir væru, þola kulda og hita. Þeir lærðu að leynast undir yfirborði vatns eða sjávar með því að anda í gegn um reyrstrá. Á námsskránni hjá þeim var að nema þá list að gera sig ósýnilega, það er að láta sig hverfa bak við reykmökk, og einnig að ganga hljóðlaust á vatni. Öllum athöfnum ninja var beint að því að finna veikustu hliðar andstæðingsins og nota til að sigrast á honum, fljótt og örugglega.

Það gefur auga leið, að vopn ninja hafa verið margvisleg að gerð, en það þekktasta er án efa SHURIKEN, litlir bútar úr málmi. Bútar þessir voru margvislegir að lögum, svo sem krossar, sex- eða átthyrndar stjörnur, þrihyrningar, spjótlaga bútar o.s.frv. Vopn þessi, gifurlega beitt og eitri smurð, gátu hljóðlaust og auðveldlega drepið andstæðing úr talsverðri fjarlægð.


Annað vopn ninja voru SUKO, nokkurs konar brynglöfar, alsettir hvössum pinnum í löfanum. Íklæddir gláfum þessum gátu ninjar klifið tré og ferðast hratt yfir brött þök, svo að dæmi séu nefnd.

Auk glófanna höfðu ninjar á fótum eins konar klifurskó og með hjálp þeirra klifu þeir veggi næsta auðveldlega og komust þannig inn í rammgerðstu virki.



Eftirlætisvopn ninja var KYO-TETSUKOGE, dolkur mikill með tveimur blöðum og var annað blaðið ibogið að skaftinu. Dolkur þessi var tengdur málmhring með reipi, sem hægt var að flækja utan um óvininn og vinna síðan á honum.

Goðsagnir hafa myndast um þann hæfileika ninja að geta horfið í reyk. Sagnir þessar eru að því leyti



réttar, að eitt af brögðum ninja var að sprengja reyksprengjur á rétu augnabliki og hverfa síðan úr augsýn í reykjarbrælunni. Ýmislegt fleira var ninjum til lista lagt, þeir gátu til dæmis gengið mjög hratt á hlið og fóru þeir oftlega þannig með veggjum, snúandi bakinu að veggnum og viðbúnir sérhverri áras.

Ninjar áttu mikinn þátt i að eyða DAIMYO, sem voru í andstöðu við TOKUGAWA. Höfðu báðir sína ninja og er talið sennilegt, að þeir hafi getað skipt um húsbóna eftir því hvenig vegaði.

Sérhver ninja var bundinn persónuleynd og algerri þagnarskyldu. Ef allar undankomuleiðir voru þeim lokaðar, gátu þeir oft lýtt sig svo í andliti, að þeir þekktust ekki og svíptu sig síðan lífi, ef þess var nokkur kostur.

Ninjum var skipt í þrjá flokka: JONIN, þeir sem leituðu sambanda og buðu fram þjónustu sína. CHUNIN, aðstoðarmenn þeirra. GENIN, hinir raunverulegu leyniþjónustumenn, sem framkvæmdu aðgerðirnar.

Þeir síðastnefndu voru almennt taldir lægsta stétt japansks þjóðfélags og ef þeir náðust, voru þeir umsvifalaust pyntaðir og limaðir í sundur.

Hér hefur verið farið fáum orðum um ninja fortíðarinnar. Í dag er þessi „íþrótt“ stunduð allvíða, en hefur tekið slíkum breytingum, bæði í hugmyndafræði og eiginlegrí tækni, að deila má um hvort yfirleitt nokkuð sé nú sameiginlegt nema nafnið.

Nútímaninja er nokkuð vinsælt í U.S.A. og meðal þess, sem þar er kennit má nefna beina sjálfsvörn, klifur í bröttum hömrum, að verjast árásum með bundið fyrir augun, að



komast af við erfiðar aðstæður. I heild má segja, að nútímakennsla í ninja miði að því að iðkendurnir öðlist andlegt og líkamlegt atgervi, til þess að bregðast við hinum margvislegustu hættum úr umhverfinu. Hugmyndafræðilega á nútímaninja heima í sama flokki og judo, karate og aðrar vígalþróttir, sem hafna al-farið ofbeldi og beitingu þess.

Bolli af te

Nan-in, sem var japanskur zen meistari á Meiji tímabilinu (1868-1912), fékk heimsókn háskólaprófessors, sem kom til að fræðast um zen.

Nan-in bar fram te. Hann hellti bolla gestsins fullan og hélt síðan áfram að hella.

Prófessorinn horfði á yfirfyllinguna uns hann gat ekki lengur haldið aftur af sér: „Hann er meir en fullur. Það kemst ekki meira í bollann.“

„Eins og þessi bolli“, sagði Nan-in, „ert þú fullur af eigin skoðunum og athugunum. Hvernig get ég sýnt þér zen án þess að þú tæmir fyrst bollann þinn“.



Allsherjarvopn ninja var eins konar hnifur með tveim blöðum, annað var bogið og

GOJU MEISTARAMÓTIÐ 1985

Mótið var haldið í Hvassaleitiskóla 26. janúar 1985. Þar voru mættir til leiks keppendur frá Karatefélöginni og Stjörnunni. Af þessu tilefní hafði Goju sambandið fengið hingað til landsins sensei Conny Ferm, 3. dan í goju-ryu. Hann er einn helsti nemandi shihans Ingo de Jong, sem er okkur að góðu kunnur. Sensei Ferm hélt æfingabúðir fyrir mótið og var einnig aðaldómari mótsins.

Fyrst var keppt í kata unglings, en þar létu að eins 2 keppendur sjá sig, báðir frá Stjörnunni. Einar Kári Björgvinsson hafði sigur yfir Gísli Helgasyni, en þeir þurftu að keppa tvívar áður en úrslit lágu fyrir. Siðan var keppt í kata fullorðinna. Fyrst sýndu allir eina kata, en síðan voru 5 manna úrslit. Atli Erlendsson varð efstur, eftir mjög harða keppni við Árna Einarsson. Þeir sýndu báðir Saifa, Seienchin og Sanseru. Alls kepptu þeir fjórum sinnum áður en úrslit lágu fyrir. Að margra álíti var Árn þó aðeins betri en Atli. Í 3ja sæti kom svo Jónína Olesen með Saifa og Seienchin. Fjórði varð Jóhannes Karlsson og Gestur Skarphéðinsson fimmti. Í kumite urðu ýmis óvænt úrslit. Jóhannes, sem sigrarði á innanfélagsmótinu, varð svo óheppin að lenda á móti Árna í fyrstu umferð og



UMSK meistarar 1984

tapaði því. Árn lenti síðan á móti Atla í þriðju umferð og tapaði þeiri keppni. Jóhannes komst því ekki í uppreisnarflokk og Árn kepti um 3ja sætið við Ólaf Egilsson. Í úrslitum lento þeir Atli og Ómar Ívarsson. Þar vann Atli glæsilegan sigur 6—2.

Kata unglings:

1. Einar Kári Björgvinsson, 9 stig.
2. Gísli Helgason, 6 stig.

Kata fullorðinna:

1. Atli Erlendsson, 14,5
2. Árn Einarsson, 14,0

3. Jónína Olesen, 13,5

Kumite:

1. Atli Erlendsson,
2. Ómar Ívarsson,
3. Árn Einarsson.

Eftir mótið var haldið gráðupróf. Prófdómari var sensei Ferm. Alls voru 22 manns og 1 kona er þreyttu prófið. Af þeim náðu 18 og þarf af fjórir 6. kyu (grænt belt).

Sensei Ferm kvað þetta góðan árangur og bað menn að láta ekki við deigan síga.

HÉRAÐSMÓT UMSK Í KARATE 1984

Mótið var haldið þann 17. nóvember 1984 í Íþróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ. Er þetta í þriðja sinn sem slíkt móti er haldið. Í fyrri skiptin hefur Stjarnan alltaf gengið með sigur af hólmi. Í þetta skiptið var búist við harðri og tvísvinni keppni, en nú voru þrjú lið mætt til mótsins. Ný stofuð karatedeild Breiðabliks mætti hér í fyrsta sinn. Það kom þó ekki að sök því Stjarnan vann sinn stærsta sigur á UMSK móti til þessa. Þá bættist við nýr keppnis flokkur í kumite, en nú var ákveðið að keppt skildi í einstaklings flokki. Þá skildi keppt um titillinn UMSK meistari 1984 með stigakeppni. Úrslit urðu sem hér segir:

Kata unglings:

1. Kristbjörn Búason, Stjörnunni
2. Friðrik D. Pálsson, Gerplu
3. Jón H. Steingrimsson, Gerplu

Kata kvenna:

1. Kristin Einarsdóttir, Gerplu
2. Fanney Ásgeirs dóttir, Stjörnunni
3. Anna Marie Stefánsdóttir, Stjörnunni

Kata karla:

1. Stefán Alfreðsson, Stjörnunni
2. Grimur Pálsson, Gerplu
3. Hannes Hilmarsson, Stjörnunni

Keppnin í kata milli Stjörnunnar og Gerplu var jöfn og spennandi, en hvert sæti gaf stig í keppninni um UMSK bikarinn.

Kumite

Opinn flokkur:

1. Einar K. Karlsson, Breiðablik
2. Ólafur Skúlason, Stjörnunni
3. Hjalti Kristjánsson, Stjörnunni

Sveitakeppni:

1. Stjarnan
2. Gerpla
3. Breiðablik

Keppnin um UMSK bikarinn fór þannig:



Sensei Ferm óskar Jóhannesi til hamingju með áfangann, en Halldór, Sigurjón, Jóhannes og Konráð náðu 6. kyu í gráðuprófinu.

1. Stjarnan 22 stig
2. Gerpla 14 stig
3. Breiðablik 6 stig

Stjörnumenn voru vel að sigri komnir enda með jafnt og oflught lið. 11



Fórnarlömb árása og rána geta að hluta til borið ábyrgð á eigin ör-lögum. Með líkama sínum geta þau sagt við mögulega árásaraðila: „Ráðist á mig, ég er ykkar“. Betty Grayson, prófessor í „Marketing“ og „communication“ við Hofstra háskólan (i USA), hefur reifað þetta í vísindariti, þar sem hún heldur fram, að fórnarlömb ofbeld-isglæpa vekja athygli árásaraðila með sérstökum orðlausum vis-bendingum.

Visbendingarnar eru auðvitað ekki meðvitaðar. Þú gætir haldið, að þú geislir frá þér engu öðru en öryggi og þokka, er þú gengur al-ein(n) seit um kvöld heimleiðis i gegnum aðalglæpahverfi borgar-innar. Þú skálmar áfram hratt og ákveðið og horfir ákveðið fram fyrir þig, en ræningi eða jafnvel reyndur löggreglubjónn getur sagt strax, hvort heppilegt sé að ráðast á þig eða ekki. Þessi staðhæfing er grunduð á sérstakri tilfinningu, á „bylgjum“, sem þú gefur frá þér, frekar en á augljósum þáttum, s.s. aldri og kyni. Áhugi Grayson á þessum málum vaknaði, er hún

kenndi hópi löggreglumanna sam-skipti. Tveir löggreglumenn úr þeirri deild löggreglunnar, er sér um áætlun um glæpatálbeitu í borgaralegum fótum, höfðu orð á því, að þeir gætu séð fyrirfram likleg árásar-fórnarlömb. Þeim manneskjum fylgdu þeir síðan eftir, uns áras ætti sér stað og þeir gætu gegnt hlut-verki sinu. Útskýring þeirra var svipuð og heyrist í Kojak: Þeir hreinlega höfðu hugboð. En Grayson ákvað að kanna þetta nánar.

Hún og aðstoðarmenn hennar tóku upp á myndband af handahófi myndir af fjölda fólks i einu hættu-legasta hverfi New Yorkborgar. Allt fólkid var myndað á nokkurn veginn sama tíma dags, i sömu átt og sömu fjarlægð frá vélinni. Það virtist ekkert vita um falda mynd-bandstökuvélina og ekkert af því var kunnugt þeim, er stóðu að at-hugunni. Hver myndbútur var að eins 6 til 10 sek. á lengd, u.p.b. sá timi, sem það tekur venjulega að mæta og ganga framhjá einhver-jum á götu og u.p.b. sá timi, sem Grayson áleit, að það tæki að gera sér einhverjar hugmyndir um

Særانleiki manns, sem verður fyrir óvæntri árás, er að því er virðist gefin til kynna með mjög ógreinilegum, ómeðvit-udum hreyfingum. Hér er sýnt venjulegt hæl til tár göngulag, með eðlilegri sveiflu ekki-fórnarlambins.



ókunna. Siðan voru myndböndin flokkuð í 4 flokka með 15 manns i hverjum flokki eftir aldri og kyni. Það voru ungr karlmenn og konur (undir 35 ára) og eldri karlmenn og konur (yfir 40).

Þessi myndbönd voru sýnd föngum í Rahway fangelsinu í New Jersey. Þeir höfðu verið dæmdir fyrir ofbeldisglæpi (allt frá einfaldri árás til morðs). Fyrstu 12 vistmennirnir voru valdir af fangavörðum, eftir almennum gáfum og mælsku. Þeir gerðu með sér mælikvarða frá 1 upp í 10, með eigin málfari, til að skilgreina hve mikilli mótsprynu þeir myndu búast við frá hverju mynduðu fórnarlambi.


Áður en Grayson sýndi myndböndin í Rahway fangelsinu léti hún greina þau í Laban/Bartenieff stofnun fyrir hreyfirannsóknir í New York. Labanotation, eins og það er kallað, er kerfi eftirtektar á hreyfingu, sem getur sundurgeint og lýst minnstu likamlegum hreyfingum, með tilliti til likamshluta í notkun, stefnu í rúmi, þyngdarfærslu og tímalengdar. Tuttugu og ein ólik hreyfing var greind, að meðtoldum



ERT ÞÚ AUÐVELLT FÓRNARLAMB?

Eftir Jim Neil

Í þýðingu Stefáns Alfreðssonar



1



2



3

nokrum, sem eru venjulega álitnar mikilvægar í borgarlifsbaráttu og andnauðgunar flokki. Tiðnin á göngu persónanna var til dæmis mæld (fjöldi skrefa á 5 sek.), auch augnatiils þeirra (hvort það var beint áfram, niður á við eða í enga sérstaka átt). I flestum fyrilestrum um árasír og orðausa tjáningu er sagt að ganga eigi hratt i burtu frá líkamlegum árasarmanni með augun fast og ákveðið fram á við, en þessir þættir virtust ekki vera mikilvægar í rannsókn prófessors Graysons. Sú slökun er virðist vera, reisn stöðunnar og viðáttu skrefanna (hvort skrefin fylgi hliðlægum takmörkum mjaðmaliða eða yfir það) virtist allt hafa litið að segja um flokkun árásareiginleika viðfangsefnisins.

I rannsókninni var samt bent á fimm sérstakar gerðir hreyfinga, sem framkvæmdar voru af flestum líklegum fórnarlömbum, en sáust varla hjá neinum af ekki-fórnarlömbum. Um helmingur auðveldu fórnarlambanna notaði óvenju löng skref, en ekkert af ekki-fórnarlömbum tók óvenjulöng eða óvenjurstt (skrefin voru mæld í hlutfalli við líkamsstærð, í hlutfalli við fótahreyfingu og færslu þungans, ekki í hlutfalli við einhverja ákveðna tölu í tommum). Um helmingur fórnarlamba átti það til að lyfta fótunum við göngu, þegar ekki-fórnarlömb sveifluðu fótunum. Flest ekki-fórn-

Að ofan: fórnarlömb, sem valin eru sem auðveld fórnarlömb, hafa tilhneigingu til að lyfta fótunum með frekar óeðilegu stappi, frekar en liðandi hæl til tár göngulaginu.

arlömbin færðu þungann með fljóandi þrívæddarhætti, en fórnarlömbin færðu þungann á ýmsan annan veg, annað hvort upp og niður eða fram og aftur eða frá hlið til hliðar.

Hreyfingar handa og fóta voru einnig áberandi öðruvísi hjá ekki-fórnarlömbum og fórnarlömbum. Ekki-fórnarlömbin hreyfðu handleggi öfugt við fótleggi, þannig að hægri handleggur hreyfist fram þegar vinstri fótleggur færðist fram og öfugt. Fórnarlömbin hreyfðu útlímina oft einhliða, það er að segja hreyfðu fót- og handlegg sömu hliðar fram og aftur á sama tíma. Einnig var göngulag þeirra, sem valin voru sem erfið fórnarlömb, flokkuð sem „postural“: það er, hreyfingar þeirra virtust vera upprunnar frá miðju líkamans, frekar en litt skipulagðar hreyfingar einstakra útlíma eða líkamshluta. Mörg fórnarlambanna hreyfðust með tilburðum, svo að hreyfing handleggja og fót virtust aðskiljast frá hreyfingum líkamans í heild.

Rannsókn Grayson's gaf til kynna, að ekki svo auðveld fórnarlömb sýni mjúkilegar hreyfinga í aðalnægi, þar sem hender sveiflast öflugt við sveiflu fótanna.

Prófessor Grayson segir, að almennt virðist munur fórnarlambs og ekki-fórnarlambs vera heilleiki eða samræmi hreyfinganna. Gæði líkamshreyfinga ekki-fórnarlambanna eru mun skipulagðari og verka þægilega innan samhæfingar líkamans. Aftur á móti virðist límaburður fórnarlamba miðla ósamræmi og misræmi. Auðvitað er göngulag manneskja ekki eini þátturinn, sem lætur persónur virðast auðveldar til árásar. Aldur, kyn og líkamsstærð gegna augljósu hlutverki, þótt það sé e.t.v. ekki eins mikið og almennt er haldið. Í sumum tilfellum getur árásarmaðurinn líka verið það langt leiddur, að hann ráðist á hvern sem er, án tillits til áhættu og hvort heppnast muni. En prófessor Grayson svarði aðeins einni spurningu: „Er eitt-hvað í orðlausri tjáningu, sem hrifið getur glæpamenn?“ Svarið virðist vera já. Grayson sjálf er treg til hlutlægs mats á upplýsingum sinum. Hún vill til dæmis ekki spá um hvort eitt fórnarlamba hennar hafi fundist það öruggt eða sjálfvakið (meðvit-að) eða hrætt. En ágæti rannsóknar hennar liggr sérstaklega í því að hún einangrar sérstök, ákveðin orðlaus merki — án tillits til hvernig mögulegu fórnarlambi geti og geti ekki liðið og án tillits til tilfinninga, er viðfangsefnið vildi e.t.v. gefa merki um — sem gæti verið visbending til árásarmanns um sær-



1



2




3

anleik fórnarlamsins. Grayson bendir til dæmis á það, að kvenfólk í háhæluðum skóm hættir til að verða dæmigert fórnarlamb af „lift-ing-step“ gerð, þar sem hælarnir hindra sveiflandi hæl til tár göngulag ekki-fórnarlamsins. Vitneskjan um súlikar visbendingar, sem glæpamenn þiggja ómeðvitað sem tákni um særanelek fórnarlamsins, gæti orðið stórt skref til að hjálpa fólk, sem virðist valið úr hvað eftir annað til árasar og gæti orðið ómissandi hluti ráðlegginga, sem gefnar eru borgarbúum um hvernig beri að forðast árásir.

Prófessor Grayson vonar að vinna hennar verði hyvatning til að safnað verði fleiri knýjandi upplýsingum til að styðja kenningarnar svo langt sem þær eru þróaðar. Hún telur einnig, að orðlausar visbendingar, táknaðar fyrir glæpamenn, geti verið ólíkar á mismunandi landfræðilegum svæðum eða þá frá undirhóp til undirhóps. Þótt hún sé nú að vinna á öðrum vettvangi að rannsókn orðlausrar tjáningar er hún sannfærð um að tungumál líkamans sé alþjóðlegt og að „við notum aðeins orð til samskipta þegar annað bregst“.

Aðrir 53 vistmenn, sem tóku þátt í rannskókninni, voru beðnir um að flokka fólkio á myndbandinu eftir þessum mælikvarða. Föngunum var sýndur hver myndbútur tvívar í nokkrar sekúndur og látnir flokka möguleg fórnarlömb strax án umræðna. Þeim voru sýndar myndirnar í litlum hópum og röð myndanna var breytt fyrir hvern hóp fanga.

Meira en helmingur eins hópsins flokkaði 20 manns innan þriggja fyrstu flokka mælikvarðans um árásareiginleika. Eins og búist var við, var að meðaltali líklegra, að ráðist væri á eldra fólkio heldur en það yngra. En aðalmunurinn á fórnarlambi og ekki-fórnarlambi var hvorki aldur né kyn. Átta af eldri konunum voru flokkaðar sem auðveld fórnarlömb, þegar einnig voru valdar fjórar manneskjur frá hverjum hinna hópanna. Aðalmunurinn milli fórnarlams og ekki-fórnarlams var göngulagið. Í sumum tilfellum var svo lítill munur, að aðeins þjálfadur hreyfigreinari gat bent á mismuninn.



1



2



3

Þessi göngumaður gefur særanelek sinn til kynna með því að hreyfa handleggi í sömu átt og fótleggi (hægri handlegg um leið og hægri fótlegg og sama með vinstri). Í sumum rannsóknartilfellunum gerði þykkur klæðnaður það að verkum, að munurinn á ógreinilegum hreyflingum sást síður.

Zen sögur

Himnaríki eða helvítí

Hakuin (1685-1768) var einn mestri zenmeistari þess tíma. Dag nokkurn kom til hans mikilvægur lávarður og spurði hann: „Hvað er helvítí og hvað er himnaríki?“ Í stað þess að svara, móðgaði Hakuin hann: „En heimskur lávarður og þróngsýnn. Þú veist jafnvel ekkert um kenningar buddis-mans. Hvernig geta þegnarnir vænst þess að þurfa að hlýða slikum asna? Hálfviti.“

Lávarðurinn hélt aftur af sér í fyrstu, en að lokum stóðst hann ekki móðganirnar og dró út sverð sitt. Hakuin steig aftur á bak og hljóp undan lávarðinum, sem kom á eftir með brugðið sverð, með móðganir dynjandi á sér. Að lokum var Hakuin afkróaður, með sverð lávarðsins yfir sér. Reiðubúinn til að höggva Hakuin niður, sagði lávarðurinn: „Þarna ertu, Hakuin“. Um leið kallaði Hakuin: „Þetta er helvítí“. Lávarðurinn hikaði andartak. Samstundis hrópaði Hakuin: „Þetta er himnaríki“.

Forarvegur

Tanzan og Ekido voru eitt sinn á ferðalagi saman, niður forarveg. Það ringdi eins og hellt væri úr fötu. Er þeir komu að einni beygjunni, hitti þeir indæla velklædda stúlkuna, sem komst ekki yfir vegamótin.

„Komdu nú, stúlka“, sagði Tanzan undir eins. Hann lyfti henni upp og bar hana yfir forina.

Ekido talaði ekki neitt það kvöldið, þar til þeir komu til gististaðarins. Þá gat hann ekki lengur orða bundist. „Við munkar komum ekki nálægt stúlkum,“ sagði hann við Tanzan, „sérstaklega ekki ungum og elskulegum eins og þessi var. Það er hættulegt. Hvers vegna gerðir þú það?“

„Ég skildi stúlkuna eftir,“ sagði Tanzan. „Ert þú enn að burðast með hana?“

KENDO

Þýtt og endursagt
Sigurður Ragnarsson

Kennsla í KENJUTSU (sverðlist) var álitin mjög hættuleg og það ekki að ástæðulaus. Það var ekki óalgengt á æfingum og jafnvel i kata, að iðkendur íþróttarinnar, jafnt kennarar sem nemendur hlytu alvarleg meiðsl, örkuhl eða jafnvel dauða. Það var því nauðsynlegt að þráð einhvers konar hlifðarklæði. Þau fyrstu voru verk nokkurra sverðmeistara EDO-tímabilsins (1603-1867). Hlifðarklæðin voru hjálmur (HABUTO), sem varði höfuði og hálsinn aftanverðan, en öllum, brjósti, handleggjum og höndum var skýlt með leður- eða málmlífum. Maður að nafni Ono fann einnig upp „gerfisverð“, en það var gert úr bambuslengjum og mun hættuminna en hið hárbeitta sverðsblað, sem venjulega var notað. Bambussverð þetta var fyrirrennari SHINAI-sverðsins, sem notað er í kendo.


Einn af nemendum Onos, Nakaniishi Chuta þróði hlifðarbúnaðinn enn frekar á árunum kringum 1750. Hann kom fram með sverðshanskann (KOTE) og breytti gerð bambussverðsins í létt, en mjög sterkt vopn, er kallað var SHINAI. Chuta varð einnig upphafsmaður að nýjum sið, ITTO-RYU. Þar var öllum nemendum gert að skyldu að vera í hlifðarklæðum og bera shinai. Þetta hafði þann kost í för með sér að nemandinn gat slegið án þess að eiga á hættu að meiða eða limlest. Því var hægt að einbeita sér að krafti og snerpu í höggunum og ná verulegum árangri á til-tölulega skömmum tíma. Að lokum, þrátt fyrir vissar breytingar, tóku aðrar stiltlegundir sverðlistarinnar í Japan upp shinaisverðið, þannig að um 1760 gátu ungi samuraiðkendur valið á milli tré-sverðsins (BOKKEN), shinai, eða hins hefðbundna drápsvopns, 16 samuraisverðsins.

Eftir allnokkra tilraunastarfsemi með hlifðarbúnaðinn komst hann loks í heppilegt form. Klæðin í heild samanstóðu nú af hjálmi (MEN), til varnar andliti og höfði, á yfirbuxur (HAKAMA) og treyju (KEIKOGI) var sett ný gerð af verjum úr útsaumuðu bómullarefni. Skyldi þessi útbúnaður verja mjaðmirnar skakka-föllum. Við allt þetta var svo bætt brjósthlif (DO).

Þessar breytingar á búnaði kenjutsulistarinnar kölluðu á nýjar og ferskar leiðir á þróunarbrautinni þannig, að kenjutsu var nefnt kendo, úr orðunum KEN = sverð og

DO = vegur. Með öðrum orðum vegur sverðsins.

Við afnám lénsskipulagsins í Japan um miðja 19. öld, höfðu vigaiþróttir fallið í gleymsku um nokkurra ára skeið. Þrátt fyrir það höfðu kendosýningar, skipulagðar af fyrrum samuraihermanni, vakið mikla athygli. Var það mikið fyrir þá sök, að allar sýningar og jafnvel venjuleg þjálfun í sverðfimi hafði verið stranglega bönnuð öllum almennungi. Vegna þessara vin-sælda voru árið 1871 samþykkt lög, sem gerðu kennslu í kendo að skyldu í öllum japönskum skólum.



Kendoki í fullum skrúða.

ÚTBÚNAÐUR

Lengd og þyngd shinaisverðsins eru gefnar upp í töflunni hér fyrir neðan.

Aldur	Stærð
13, 14, 15	37
16, 17, 18	38
19 og eldri	39
Lengd	þyngd
112 cm	375-450 g
115 cm	450-485 g
118 cm	þyngra en 485 g

Ef notuð eru tvö shinai er hámarkslengd annars 110 cm og lágmarksþyngd 375 g en hins 60 sm hámarkslengd og 265 g lágmarksþyngd.

Sverðshjoltun (TSUBA) eru vanalega úr leðri, en geta verið úr plasti. Þau eru hringlega og hámarksþvermál 8 cm.

Festa ber hjoltun tryggilega.



Kendo er gevisvinsælt í Japan.

HLIFÐARKLÆÐI

Hlifðarklæðin samanstanda af fjórum hlutum: MEN (hjálmi), KOTE (gláfum), DO (brjósthlif) og TARE (magahlíf). Þessir hlutar kendobúningsins eru settir upp í eftirfarandi röð: Fyrst tare, sem ver neðri hluta kviðar og mjaðmirnar, þar sem það er sett og hnýtt að framan líkt og á svuntu. Þá kemur do, sem leggst framan á brjósthlif og er fest með böndum, sem falla yfir axlirnar og í kross yfir bakið. Þar á eftir kemur men, sem smeygt er yfir höfuðið og bundið aftan á hálsinum. Undir hjálminum er komið fyrir stífu efni, sem kallast TENUGI eða HACHIMAKI. Þessi útbúnaður leggst ofan á höfuðið. Að lokum eru hanskarnir settir upp og með sverðið eru menn tilbúnir í slaginn.

KEPPNI

Bardagi í kendo byrjar við kall dómarans „HAJIME” og er stöðvadur með „YAME”. Bardaganum lýkur svo er dómarinn lýsir yfir „SHOBU ARI” (keppni lýkur), „HIKIWAKE” (jafntefli) eða „SHOBU” (annar hefir sigrað). Venjuleg lengd bardaga er þrjár minútur og er þá ekki reiknaður sá tími er tapast, þ.e. a: milli þess, sem dómarinn gefur stig og gefur síðan merki um áframhaldandi bardaga b: þegar óhöpp eiga sér stað og dómararnir þurfa að ráðfæra sig hver við annan c: milli þess sem bardaginn er stöðvaður og settur af stað á ný. Samt sem ádur er sá tími reiknaður með í heildarlengd keppninnar, sem tekur dómarann að skilja keppendur að, séu þeir komnir of nálægt hvor öðrum.

ÁRÁSARSTAÐIR

MEN (enni): sho-men (mitt enni)
hidari-men (vinstri hlið ennis).
migi-men (hægri hlið ennis).

KOTE (framhandleggur):
migi-kote (hægri framhandleggur).
hidari-kote (vinstri framhaldleggur) í eftirtöldum tilvikum:
chudan-stöðu, þar sem vinstri höndin er fyrir framan; jodan-stöðu hasso-staðsetningu, wakigame-staðsetningu á því augnabliki er vinstri höndin kemur fram fyrir þá hægri og einnig í öðrum afbrigðum af chudan-stöðunni.

DO (hlið): migi-do (hægri hlið).
hidari-do (vinstri hlið).

TSUKI (háls): Ekki leyfilegur sem árásarstaður fyrir keppendur undir sextán ára aldrí.



HÖGG

Shinaisverðbardagi er dæmdur eftir KIKENTAI NO UCHI, þar sem höggið er dæmt eftir notkun líkamans, sverðs og kiai hrópsins. Þegar höggið ríður verða allir þessir þættir að sameinast. Ef einn þáttinn vantar eða er ófullnægjandi fæst ekkert stig fyrir.

AÐ GREIÐA HÖGGIÐ

Góð högg eru greidd á ákveðna staði líkamans með framhluta sverðsins. Við stungur í hálsinn er sverðsoddurinn notaður. Högg með annarri hendi verða að vera sérlega nákvæm, ef stig eiga að fást fyrir. Í öllum tilvikum verða keppendur að vera fylltir eldmóði og árásarhuga, jafnframt því að halda líkama sínum í ákveðnum stellingum.

Í kendo má einnig gefa stig fyrir eftifarandi:

1. Snöggt högg, sem greitt er andstæðingi, sem misst hefur sverð.
2. Högg, sem greitt er um leið og merki er gefið um lok bardagans.

Árið 1909 var svo fyrsti kendo-skólinn stofnaður gagngert til kennslu í íþróttinni. 1928 var stofnáð almennt kendosamband og hefur það æ síðan veitt gráður sem hér segir:

SHODAN	fyrsta gráða
NIDAN	önnur gráða
SANDAN	þriðja gráða



YONDAN	fjórða gráða
GODAN	fimmta gráða
ROKUDAN	sjötta gráða
SHICHIDAN	sjóunda gráða
HACHIDAN	áttunda gráða
KUDAN	níunda gráða
JUNDAN	tiunda gráða

Áður en fyrstu gráðu er náð verður nemandi í kendo að standast sex kyu, sem eru lægri gráður. Tekur slikt tvö til þrjú ár. Eftir að fimmta dan er náð fá menn heiðurstítlana RENSHI, KYOSHI og loks HANSHI (stórmestari). Titlar þessir eru veittir eftir verðleikum hvers og eins.

Í heild svipar gráðum í kendo til gráða í karate og judo.

ANDI SAMURAI

Kendo endurspeglar anda samurai, hvers markmið var að nálgast og sniða andstæðinginn í sundur í

fyrsta höggi. Bardagatæknin verður því blanda af hraða, krafti og mýkt, en þessi samblanda gerir mögulegt að koma höggi á andstæðinginn, svo vel útlátnu, að það geri út um bardagann. Árásum er fylgt á eftir með hinu hræðilega öskri KIAI. Þetta öskur, sem kemur alla leið neðan úr kviðarholi, er hart og verulega ógnandi, en í kendo er það þjálfað sérstaklega (KIAI-KEIKO). Krafturinn í vel heppnuðu kiai getur verið svo ógnandi, að andstæðingurinn lamast brot úr sekúndu, en það er nóg til að shinaisverðið gengur í skrokk honum og bardaginn er tapaður.

Í kendo eru fjögur högg lögð til grundvallar fyrir góðri sverðmennsku en þau eru: 1. „frá toppi til tár“: Sverðið sniður höfuð móthjartans í tvennt og jafnvel líkamann. 2.-3. „frá vinstri til hægi og öfugt“: Höggið sniður höfuð frá bol, 4. „til hliðar“: Sverðið hlutar í

sundur líkamann um mittið. Það skal tekið fram að eftirfarandi lýsingar eiga við um venjulegt sverð en ekki shinai.

Aðeins ein stunga er leyfð í kendo, en það er stunga í hálsinn með sverðsoddinum (BUKR). Í kendoiðkun er dæmt MEN, ef miðað er á höfuðið, DO fyrir aðra hvora hlið brynplötunnar, KOTE fyrir hægri hanskann og loks TSUKI fyrir hálsinn. Aðeins þau högg, sem koma frá hlið eða framan á mótherjann gilda, en með því skilyrði að shinaiið snerti ekki shinai andstæðingsins.

Fyrirmýndaraðferðin í bardaga er sú, að halda sig stöðugt í ákveðinni fjarlægð frá andstæðingnum um leið og reynt er að draga hann nær sér. Þetta virkar sem nokkurs konar varnarsókn þar sem árás má umsvitalaust breyta í vörn og öfugt. Markmiðið er þó sem fyrr höggið, er gerir út um bardagann.

HUGMYNDAFRÆÐI KENDO




Árásir í kendo eru lyfirlætt mjög snarpar.

Hin mikla einbeitni, sem krafist er, hið litla timalega svigrúm, sem er til að beita likamlegum og andlegum krafti, hraðinn og styrkurinn, sem nauðsynlegt er að leggja í höggin, mynda í sameiningu íþrótt eða list, sem er eins heillandi og hún er erfið. KENDOKA (sá, sem iðkar kendo) verður að læra að flytja með leifturhraða orku eigin likama út í sverðsoddinn. Það er sagt, að í sumum tilvikum geti hraði sverðsins jafnast á við hraða byssukúlu. Stórmestarar í íþróttinni geta greitt högg með slikum léttleika, að sverðið virðist rétt snerta mótherjann, sem engu að siður fellur yfirbugaður til jarðar.

Þessi mikla fimi byggist á því að vera fullkomlega rólegur og likamlega afslappaður þar til árás er gerð á sama sekundubroti og andstæðingurinn undirbýr högg. Reynt er á getu keppendanna til hins ýtrasta og er bardaginn harður og miskunnarlaus. Einungis þegar menn eru andlega og likamlega öragna getur þeim lærst að slá á réttan hátt.

Í kendo eru allar reglur sverðlistarinnar hagnýttar, sagt er að shinai sé íklætt anda sverðsins. Kendoka má aldrei nota kraft sinn, þrátt fyrir hörku árásarinnar, sem fylgt er eftir með kial. Það, sem í raun skiptir máli er tæknin í höggini, stjórn á fingrum og úlnliðum, og samhæfðar hreyfingar fóta og likama. Hinn mikli höggbungi kendomeistara byggir á þessum þáttum, en ekki krafti og ofbeldi. Lögð er á það mikil áhersla í kendo að aga hugann með hagnýtingu á grundvallaratríðum í sverðfimi.

„Tilgangur kendoíðunar er:
að þjálfa huga og likama í því skyni að byggja upp sterka sál,
að vinna stöðugt að framförum í kendolistinni með þjálfun,
að virða rétt og heiður sérhvers manns,
að blanda geði við aðra í einlægni,
að vinna að eigin framförum.
(Skilgreining japanska Kendo-sambandsins).



SEPPUKU


Eftir Árna Einarsson

Dauðinn var eitt hið mikilvægasta í lifi hvers samurai og mikilvægast af öllu var að fá að deyja með sæmd. Náttúrulegur eða eðlilegur dauðdagi var nokkuð, sem ekki var eftirsóknarvert. Likt og vikingar og Forn-Grikkir trúðu þeir því, að með því að deyja ungur og á „göfugan“, ofbeldisfullan hátt í bardaga eða fyrir vopni, væru guðirnir að sýna velþóknun sína á viðkomandi. „Að lífa hamingjusamlega það, sem eftir var“, var algjörlega óþekktur hugsunarháttur. Enn má finna dæmi um þennan hugsunarhátt, t.d. í japónskum bókmenntum. Að leita þeirra aðstæðna með eigin vilja, sem leiddu til dauða (sjálfsvigs t.d.), var merki um heigulshátt og lífsótt. Aðdáunarverður maður var sá, sem lifði eins göfuglega og hann gat og aðeins við ákveðnar aðstæður, sem nákvæmlega var kveðið á um, gat leitað til seppuku eða harakiri (bókstafleg merking kviðrista) sem undankomuleiðar og fallið með sæmd. Þær aðstæður, sem heimiliðu harakiri, voru m.a. að bæta fyrir glæp eða mistök, eða það sem eflaust var einna mikilvægast, þ.e. að forðast skömm (fá að falla fyrir vopnum og sýna hugrekki).

Eftirfarandi lýsing á harakiri er að finna í bók Mifords, „Tales of Old Japan“. Þar segir Evrópubúi frá því, er honum var boðið að gerast vitni að því, er maður framkvæmdi seppuku.

„Okkur (sjö erlendum fulltrúum) var boðið að fylgja japónsku vitnunum inn í hondo eða aðalsal hofsins, þar sem athöfnin átti að fara fram. Þetta var áhrifamikið umhverfi, stór salur og hátt til lofts. Salurinn var skreyttur öllu því, sem prýða skal Búddahof. Fyrir framan háaltarið, þar sem gólfíð, sem var þakið fallegum hvítum mottum, var hækkað um 3-4 þumlunga, var lagt þykkt teppi úr dökkrauðu efni. Stór kerti, sem raðað var upp með reglulegu millibili, gáfu frá sér dauft, dularfullt ljós, sem þó nægði til þess að öll athöfnin sæist. Japanirnir sjö settust vinstra megin við upphækkaða gólfíð, útlendingarnir sjö hægra megin. Engir aðrir voru viðstaddir.

Eftir nokkurra mínútna bið í eftirvæntingarfullri óvissu gekk Taki Zenzaburo, hár, velvaxinn 32 ára gamall, virðulegur, inn í salinn, klæddur í hátiðarbúning sinn og viða hempu, sem notuð er við sérstök tækifæri. Í fylgd með honum var kaishaku og



Seppuku eða hefðbundið sjálfsmorð undir blómstrandi kirsüberjatré, táknaðent fyrir fegurð og hvíkulleika lífsins. Seppuku eða harakiri var framkvæmt með litlu sverði eða wakizashi. Valinn vinur býr sig undir að höggva höfuðið af.

Teikning eftir Toyokuni.

þrír foringjar, sem klæddir voru í jimbaori eða striðshempu. Tekið skal fram, að orðið kaishaku samsvarar ekki böðlinum eins og við þekkjum hann. Þetta er starf fyrir heiðursmann. Oft er það ætt- ingi (karlmaður) eða vinur hins dæmda, sem fer með starfið, og sambandið þeirra á milli er fyrst og fremst til þess að fullnægja formsatriðum, en einnig svipað og milli böðuls og fórnarlambs. Í þessu tilviki var kaishaku nemandi Taki Zenzaburo og var valinn af vinum hins síðarnefnda úr þeirra eigin hópi vegna leikni sinnar með sverð (kendo).

Með kaishaku á vinstri hönd sneri Taki Zenzaburo sér rólega að japónsku vitnunum og hann og kaishaku hneigðu sig fyrir þeim og síðan heilsuðu þeir útlendingunum á sama hátt. Rólega og með miklum virðuleika gekk sá dæmdi í átt að upphækka- aða gólfingu. Hann hneigði sig tvívar með því að leggjast alveg niður í gólf í átt að háaltarinu og setti síðan á teppið og sneri baki í háaltarið. Kaishakuinn kraup við vinstri hlið hans. Síðan kom einn briggja foringja, sem viðtaddir voru með stand, sem notaður var við fórnir í hofum. Á honum lá wakizaki, stutt sverð eða rýtingur Japana, 9½ þumlungur á lengd, með oddi og egg jafnbeittum og á rakhnif. Með því að beygja sig alveg niður í gólf til þess að sýna virðingur sina, afhenti hann hinum dæmda rýtinginn. Sá tók við honum virðulega með báðum höndum, lyfti honum að höfði sér og lagði hann síðan fyrir framan sig.


Eftir að Taki Zenzaburo hafði hneigt sig einu sinni enn djúpt, sagði hann með röddu, sem lýsti einmitt þeim tilfinningum og því hiki, sem búast má við frá þeim, sem er að gera sársaukafulla játningu. Án þess að nokkur merki sæjust á andliti hans né hegðun sagði hann: „Ég einn, án heimildar, gaf skipunina um að skjóta á þá, sem reyndu að flyja. Fyrir þennan glæp mun ég fremja kviðristu og ég bið ykkur, sem hér eruð staddir, að gera mér þann heiður að vera vitni að þessum atburði“. Eftir að hann hafði hneigt sig einu sinni enn, fletti hann sig klæðum niður að mitti. Varlega, samkvæmt hefð, setti hann síðar ermarnar undir hnæ sér, til þess að koma í veg fyrir að hann félli aftur á bak, því að virðulegur japanskur karlmaður skal deyja fallandi fram á við. Rólega, með styrkri hendi, tók hann rýtinginn, sem lá fyrir framan hann, leit á hann líkt og með eftirsjá eða jafnvel ástúð. Augnablik virtist hann safna hugsunum sínum saman í síðasta sinn og síðan stakk hann hnífnum í vinstri síðu sína nokkru fyrir neðan mitti. Hann dró rýtinginn rólega yfir að hægri hlið, sneri honum í sárinu og skar örli- ið upp á við. Meðan á þessum ótrúlega sársauka- fulla verknaði stóð sást ekki hreyfing á einum ein- asta vöðva í andliti hans. Er hann dró rýtinginn út, hallaði hann sér fram og teygði fram hálsinn, nú sást móta fyrir sársaukráttum í andliti hans í fyrsta sinn, en hann gaf ekkert hljóð frá sér. Á þessari stundu stökk kaishaku, sem setið hafið við hlið hans og fylgst með hverri hreyfingu, á fætur, hóf sverðið á loft á sekúndubroti, síðan heyrðist hvinur, þungur óhugnanlegur dynkur, hljóð, þegar eitthvað dettur. Með einu höggi hafði höfuði verið skilið frá likamanum.

af hljóðinu, sem kom, er blóðið spýttist úr höfuð- lausum líkama, sem aðeins nokkrum andartökum áður hafði verið hugrakkur ungr maður. Það var hræðilegt.

Kaishakuinn hneigði sig djúpt, purrkaði sverðið með pappír, sem hann hafði haft tilbúinn til þeirra nota, og síðan gekk hann burt af upphækkuðu gólf- inu. Rýtingurinn, blóðugt vitni um að harakiri hafði verið framið, var borinn burt.

Síðan vorum við kallaðir til vitnis um, að aftökunni á Taki Zenzaburo hafði verið fullnægt, og þar sem athöfnin var á enda, yflrgáfum við hofib.

Í þessu tilfelli hafði maðurinn, sem framdi harakiri verið dæmdur til dauða. Þar sem hann var hermaður, hafði honum verið gefinn kostur á því að deyja með fullri sæmd, með því að fremja harakiri.



GOJU-RYU

GOJU-RYU

Í ÞÝSKALANDI

Eins og flestir karatekar á Íslandi vita er goju-ryu einn útbreiddasti og virtasti karatestill í heiminum í dag. Þetta er dularfullur still, sem margar sögur eru um, sveipabúr dulub og ævin-týraljóma. Þótt goju-ryu sé útbreiddur og virtur, þá eru ekki að sama skapi margir sem iöka hann. Orsakirnar eru sennilega margvislegar, sumir segja að þetta sé einn erfiðast og harðasti karatestillinn og raunar erfiðasta og harðasta bardagakerfið. Ein orsókin er sú, að ekki virðist algjör eining og samhæfing milli kennara í goju-ryu.

Til dæmis má nefna, að hingað hafa komið þjálfarar frá Danmörku og Bretlandi og verkuðu sem tveir ólikir, þótt báðir væru góðir. Í sumar fréttum við af goju-ryu manni í Þýskalandi. Um haustið héldu svo tveir kappar frá Karatefélögnum á fund hans í Þýskalandi.

Goju-ryu hefur verið iökað í Þýskalandi í um 16 ár, en það mun vera lengur en t.d. shotokan. Því miður virðast þessir frumkvöðlar karate ekki hafa ikja mikinn áhuga á því að útbreiða karate um Þýskaland og felli það í hlut shotokan (JKA). Það var ekki fyrr en fyrir um 5 árum, að bangað kom goju-ryu meistari gagnert til þessara starfa. Sá maður er shihan Shigeki Yamada. Hann hóf karate feril sinn í heimabæ sinum í Japan og æfði fyrst shito-ryu. Þar æfði hann undir stjórn helstu meistara þess stils og náði 4. dan. Siðar hélt hann til Tokyo og byrjaði æfingar með shihan goshi Yamaguchi syni Gogen Yamaguchi. Þar náði hann 5. dan. Auk þess hefur hann 3. dan í kubodo (sal, bon-unchaku).

Shihan Yamada ásamt konu sinni sensei Yamada 3. dan (1. dan kubodo), hafa unnið geysimikið og erfitt starf í Þýskalandi. Þær eru nú starfræktir á þeirra vegum um 9 dojo (æfingarsalir). Shihan Yamada leggur áherslu á þátttöku í mónum og hefur nú þegar keppendur í baráttusætum, t.d. silfurhafa í kvennakata á Þýskalandsmótinu.


Nú er shihan Yamada farinn til Japans en í stað hans er kominn sensei Iwanami 4ði dan. Hann heldur nú á lofti merki goju-ryu þar syðra.



Shihan Shigeki Yamada og sensei Yasuko Yamada.



Shihan Yamada og nemendur hans í Nekarsulm.



Renshi shihan Shigeki Yamada



Yamada fjölskyldan.

GOJU-RYU Í SVÍPJÓÐ

Í Svípjóð var málum háttáð líkt og í Þýskalandi. En fyrir nokkrum árum kom þangað shihan Ingo de Jong. Nú mun öll kennsla í goju-ryu í Svípjóð heyra undir hann. Hann er í sömu samtökum og shihan Yamada í Þýskalandi, International Goju-kai Association, sem hefur aðalstöðvar í Tokyo í Japan.

Shihan de Jong er fæddur Ástrálíumaður, en er nú sáenskur rikisborgari. Á leið sinni til Svípjóðar, sem tók mörg ár, öðlaðist hann margháttáða reynslu í hinnum ýmsu bardagalistum. Rauði þráðurinn var þó alltaf goju-ryu. Hann æfði m.a. í Japan undir leiðsögn shihans Yamaguchi og hlaut þar 4. dan. Hann var á sinnum tíma afbragðskeppnismaður og hefur frábæra afrekaskrá, en hefur nú snúið sér að þjálfun. Þar hefur honum tekist vel upp og hefur keppendur, sem nú eru í baráttusætunum bæði í Svípjóð-armótunum og Evrópumótunum. Hann er nú með 5 klúbba í Svípjóð.

Shihan Ingo de Jong kom hingað fyrir jól og var aðaldómari á afmælismóti Karatefélags Reykjavíkur. Þá er einnig á stefnuskránni, að hann komi aftur síðar í vetrur.

Af nemendum hans má þar fremsta telja sensei Conny Ferm og Maricu Strömberg. Marica er númerandi Svípjóðarmeistari í kata og varð í 4ða sæti á World Cup. Conny er í öðru sæti í kata í Svípjóð, en varð í 7unda sæti á heimsmeistarmótinu núna í haust. Hann er einnig Evrópumeistari í goju. Ernesto Mughal hefur verið sáenskur junior meistari í kumite '83 og '84, auk þess sem hann er Evrópumeistari í goju '84. Fleiri mætti telja, en látum gott heita.

Shihan Ingo de Jong hefur nú komið tvívar hingað til lands og haft æfingabúðir fyrir goju-íðk-




F.v.: Shihan Shigeki Yamada,
shihan Goshi Yamaguchi,
shihan Ingo de Jong.

endur. Hinar fyrri fyrir jólín 1983 og hinar síðari núna í haust. Æflunin er að fá hann aftur eftir áramót og jafnvel líka sensei Conny.



Kumite æfing í Svípjóð.



Þáttakendur í æfingabúðum í Svípjóð síðastliðið sumar, með shihan Goshi Yamaguchi. Í júní / sumar gefst goju-íðkendum kostur á að taka þátt í þeim.



Shihan Gosei Yamaguchi,
San Fransisco USA.

GOJU-RYU

Á ÍSLANDI

Karatefélag Reykjavíkur var stofnað haustið 1973. Æflingar fóru þá fram á Laugavegi 178 í litlu plássi. Þar voru tveir „salir“ dojið og búningsherbergi, þar sem einnig var holað niður smákontor. Ári síðar, haustið 1974, réðist til starfa Kenichi Takefusa þá 2. dan í goju-ryu. Á þessum tíma gekk karateæði yfir bæinn. Karate myndirnar tröllriðu kvíkmyndahúsunum og allir ætluðu að verða eins og Bruce Lee og ekki hættu fyrir en svarta beltinu væri náð. Þess má geta að Bruce Lee lést í svefn 1973 af völdum heilablæðingu, en það ár var Karatefélagið einmitt stofnað. Þarna fóru miklir velgengnistímar fyrir karate. En þar sem ekki var haldið nóg vel um taumana, kom hnignunarskeið um tíma. Á því tímathili hætti Takefusa, sem þá var orðin 3. dan. Við þjálfunni tóku þá þeir Atli Erlendsson og Árni Einarsson. Um tíma fókust aðstoð frá Danmörku, Isao Sanomyis 2. danho kom hingað nokkrum sinnum uns hann fluttist til Japans. Síðan hefur öll þjáfun verið í höndum þeirra Atla og Árna auk nokkurra aðstoðarmanna. 1980 var brotið blað i sögu karate hérlandis. Fimm ungr kappar brugðu sér í „viking“ til Japans, þar sem keppni og gráðupróf beið þeirra. Þessir menn voru Atli, Árni, Steinar Einarsson, Stefán Alfredsson og Magnús Sigþórssón. Atli, Steinar og Magnús tóku þátt í móti þeirra eystra, en það var meistaramót í goju-ryu í Japan. Þar setti Indlandsdvöl með tilheyrandi eftirkostum strik í reikninginn. Keppnin var engin frægðarför, sem er ekki óvanalegt, þegar Íslendingar eiga í hlut. Einhverjir verða jú að bjarga heiðri hinna keppendanna. Aftur á móti gekk betur í gráðuprófinu og hlutu þeir allir 1. dan.



Fyrstu iökendur karate á Íslandi. Reynir Santos stjórnaði æflingunum. Á myndinni má þekkja Hannes formann Karatedeildar Stjórnunnar, Ásgeir Hannes, Andrés, Gulla o.fl.

Starfsemi Karatefélagsins hefur aðallega snúist um æflingar og að eiga fyrir húsaleigunni. Þó hafa verið haldin nokkur innanfélagsmót. Það sem hefur háð mótaðarfsemi hérlandis er dómarskortur. Á þessum mótum, sem haldin hafa verið hér, hafa ævinlega bestu mennirnir þurft að sjá um dómgæslu. Þó var haldið eitt stórmót í Laugardals-höllinni er þáverandi heimsmeistari IAKF Tanaka ásamt danska landsliðinu komu í heimskóni.

EKKI hefur verið mikið um keppni við önnur félög. Þá sjaldan hefur Karatefélagið ævinlega skipað tvö sæti af prem efstu mögulegum. Hæst ber árangur Karatefélagsins á sveitakeppni karatefélaganna í apríl 1982. Þar rótburstaði a-lið Karatefélagsins alla aðra keppendur og b-lið Karatefélagsins hafnaði í 3. sæti eftir harða baráttu við a-lið SKF (nú Karatefélagið Pórshamar).

Einn félagsmaður Karatefélagsins, Helgi Þórhallsson, er nú við nám í Japan. Þar hefur hann staðað æflingar með viðskiptanáminu og tekið þátt í a.m.k. einu móti. Það var einskoran heráðsmót í Sendai héraðinu, en þar búa tæpar 5 milljónir manna.

Honom gekk mjög vel og náði sér í bronsmedali.

Þess má geta, að keppt var eftir tae kwon do reglum, þar sem likur voru á, að þær yrðu notaðar til grundvallar á Olympiuleiknum í framtíðinni.

Snefnum árs 1982 var ákveðið að taka þátt í Norðurlandamótinu í karate sama ár. Héðan fóru tveir menn, þeir Atli og Árni, en einnig fór fyrir hönd Karatefélagsins Þórshamars, Ólafur Wallivik, sem æft hefur í Noregi undanfarin ár. Ólafi gekk vel og hlaut hann 3. sæti í sinum byngdarflokk. Atla og Árni gekk ekki eins vel, en segja má, að þeir hafi gefið andstæðingunum sin stig, þar sem þeir „kontaktuðu“ of mikið í andlit þeirra. Finnarnir hófou þau orð um Íslendingana, að still þeirra væri litrikur og svipmikill, en tækni þeirra væri ekki eins góð og Finnanna.

Fyrir NM '83 var ákveðið að senda fullt lið (5 manns) í sveitakeppnina. Var komið á samstarfi milli félaganna og myndaður

(17) 5月 4日

トレス・ハーリン・ヘルギー25(アイスランド)



将來は母国
空手道場

Viðtal við Helga Þórhallsson í Japónsku blaði í tilefni velgengninnar á mótinum.



Isao Sanomyia ásamt indverskri mey í Japansleiðangrinum 1980.



Goju-ryu meistaramót 1976. Þáttakendur í úrslitakeppninni. Fremri röð f.v.: Gulli, Atli, Ken þjálfari, Þorsteinn Viggósson, Siggi T.

Aftari röð f.v.: Jón, Andrés, Jókull, Hilmar og Birgir.



Japansfararnir í Akita, þar sem stundaðar voru æflingar hjá Ishigoka 7. den. F.v. ?, Ishigoka, ?, Takei. 2. röð: Georg, Atli, Magnús og Henri. 3. röð: Árni Steinar og Isao.



Fyrstu keppendur á alþjóðlegu karate móti fyrir Íslands hönd. F.v.: Ólafur, Ámi og Atli.



Háttakendur í æfingabúðum með shihan de Jong í desember á síðastliðnu ári.



Atli treystir magavöðva Hjalta „Úrsus“ Ármasonar í kata Sanchin.



Árni Einarsson keppir við Bórd Antonsson í sveitakeppni karatefélaganna 1982.

jiu kumite er áliðið af hættulegt til að æfa það (þ.e. þeir álita að jiu kumite sé bardagi upp á líf og dauða).

Góðir gestir komu 1976, en það voru ádur nefndir Tanaka og danska landsliðið. Tanaka var þá á hátíði keppnisferils sins. Hann er og þekktur fyrir geysiháðar og strangar æfingar.

Á árunum er karate var í hvað mestri lægð hér til lands, kom hingað á vegum Karatefélagsins Isao Sanomya. Hann kom hingað nokkrum sinnum, og að lokum fórur svo nokkrir félagar með honum til Japans.

Í mars 1982 var Brian Waites fenginn hingað til lands. Hann stóð stutt við, en hafði mikil áhrif

landsliðshópur til að æfa fyrir mótið. Af þeim hópi fórur svo 6 til Noregs, 20. okt. Þeir voru Atli, Ámi og Ómar Ívarsson frá Karatefélaginu, Stefán Alfreðsson frá Stjörnumni, Ólafur frá Þórhámi og Ævar Þorsteinsson frá Gerplu.

I heild gekk liðinu illa og hafnæði í neðsta sæti. En í einstaklingskeppnni gekk mönnum þokkalega, en töpuðu oftast með litlum mun.

Erlendir þjálfarar hafa komið í heimsókn til Karatefélagsins og kennt og þjálfat þar.

Fyrstan má nefna Kiruku sensei. Hann kom hér árið 1976. Stílegund sú er hann æfói er shotokai og er þekktust fyrir að

á alla þá, er æfðu undir stjórn hans.

Fyrir jólín 1983 kom hingað shihan Ingo de Jong. Um hann er ritði í greininni um goju í Svíþjóð.

Í tilefni 10 ára afmælis Karatefélagsins var haldið móti í Laugardalshöllinni 17. desember. Því lauk með stórsigri Karatefélagsins, en um úrslin má lesa annarstaðar í blaðinu.

Á þessum timabili má segja, að önnur gullold hetjist á Íslandi. Hún einkennist af því, að mun meiri starfsemi fer fram á ýmsum svíðum, s.s. móti, æfingabúðir, sýningar o.fl.

Fyrsti formaður Karatefélagsins var Ásgeir Hannes Eiriksson (1973 - 1975). Eftir hann varð Andrés Haflason formaður (1975 - 1978). 1978 tók Steinar Einarsson sæti Andrésar og var til 1982.

Árni Einarsson tók við af Steinari í eitt ár, en 1983 tekur Hilmar Hansson við formannsstöðunni. Núverandi stjórn Karatefélagsins skipti: Hilmar Hansson formaður, Gestur Skarphéðinsson gjaldkeri, Stefán Alfreðsson ritari, Árni Einarsson og Arnar Hákonarson meðstjórnendur. Varamenn eru Atli Erlendsson og Jóhannes Pórðarson.

Útbreiðslustarfsemi Karatefélagsins hefur ekki verið mjög mikil. Lögð hefur verið aðaláhersla á að koma heldur traustum fótum undir starfandi félög en að fara sem viðast. Þar spilar inni, að í þróttinni er ekki til staðar neinr atvinnumaður, sem gæti farið á milli og kennt og þjálfad.

Þó hefur eithvað verið gert. Fyrst ber að nefna Karatefélag Akureyrar. Það var stofnað árið 1975 og fór þjálfari öðru hvoru frá Reykjavík og var þar uns staðarbúað höfðu næga þekkt.

ingu sjálfir til að stunda æfingar sjálfstætt. Því miður lognaðist það félag út af vegna ágreiningsmála, en vonandi tekst að endurveka starfsemi þess.

Karatedild Stjörnunnar var stofnuð 1981 að undirlagi Hannesar Hilmarssonar, þar er nú aeft goju-ryu karatedo.

Einnig hafa þjálfarar félagins verið ötulir við að sækja sér viðbótar þekkingu erlendis. Atli fór til Kaupmannahafnar 1979. Ári síðar fór hópur til Japans. Árni og Stefán fórur til Þýskalands 1983 og í sumar fórur Atli, Árni og Jónína Olesen frá Karatefélaginu og Stefán og Anna Marie Stefánsdóttir frá Stjörnumni til Svíþjóðar. Á döfinni eru svo æfingabúðir í Þýskalandi næsta sumar.

Það er aeft goju-ryu karate-do undir stjórn Stefáns Alfreðssonar. Stjórnun hefur staðið sig vel á öllum þeim móturnum sem hún hefur tekið þátt í, t.d. orðið UMSK-meistari þrisvar.

Er nú mál að linni.

SA.



Æfingabúðir karatefélaganna á Selfossi sumarið 1982.



Takefusa og Kiruku sensei.

KIME

Í marshefti bandarískra blaðsins Black belt birtist grein um fyrirbærð kime. Fyrirbæri petta er alþeikkt í karateheiminum, en mjög erfitt er að útskýra það svo að gagni megi verða. Best er fyrir hvern og einn að upplifa það sjálfur. Hvað um það, kime er nokkurs konar stjórn og meðferð þess alls, sem menn verða að ræktar, vilji þeir teljast sæmilega gjaldgengir í karate. Við strangar æflingar öðlast menn smátt og smátt vald yfir afli sinu og verða því færir um að beita því á ýmsa vegu.

I áðurnefndri grein leitast T. Takao, japanskur fræðimaður, við að útskýra kime með tilliti til eðlisfræðinnar og lögsmála hennar.

Svo virðist sem ljós hafi runnið upp fyrir a.m.k. einum lesanda blaðsins, því að í nóvemberheftinu 1983 birtist bréf í lesendadálki þessa merkilega rits, þar sem maður að nafni Larry Toth skrifar um vitrun sína. Bréf þetta segir í stuttu málum það sem Takao fjallar um í grein sinni og þar sem bréfið er mun aðgengilegra afelestrar er það birt héruð að eftir.

Til að fá sem gleggsta mynd af því, sem verið er að fjalla um í bréfinu og greininni, leitaði ritstjórn KARATE-DO til Viðars Ágústssonar eðlisfræðikennara í Fjölbautaskólanum Breiðholti og bað hann að lesa bréfið yfir og gefa góð ráð. Brásti Viðar vel við þessari bón og gerði nokkrar athugasemdir við innihald bréfsins. Þessar athugasemdir eru prentaðar með dökku letri í greininni. Kann ritstjórn KARATE-DO Viðari bestu þakkir fyrir aðstoð hans.

Hér fer svo á eftir umraett lesendabréf, sem ber hina virðulegu yfirschrift: „Karate og eðlisfræði, hvað myndi Einstein segja?“

Ég sendi ykkur línu varðandi grein er birtist í marshefti blaðs ykkar og bar yfirschriftina „Basic concepts of karate dynamics“.

Eftir lestu greinarinnar tel ég mig skilja hvað T. Takao reynir að útskýra. Í viðum skilningi er það skoðun mín, að hann sé að segja lesandanum að kime sé ekki kime

án innblásturs eða það, sem nefnt er á japónsku ki. Hvað varðar eðlisfræðina er hér túlken míin.

Herra Takao lítur á þá list að brjóta hluti með hnefanum sem samsvarandi því að steinn brjóti glerruðu, sem hangir í þraði.

$0,5MV^2$ er formúla fyrir orku hlutar á hreyfingu. „M“ jafngildir massa hlutarins, „V“ jafngildir hraða massans „M“, „V“ stendur fyrir hraða massans í öðru veldi (hraði sinnum hraði).

Við höfum nú fengið, að orka hlutar á hreyfingu jafngildir hálfum massa, sem margfaldað með hraðanum (V) í öðru veldi, það er $0,5MV^2$.

Jafnan:

$$\frac{1}{2} M_1 V_1^2 = \frac{1}{2} M_1 V_1^2 + \frac{1}{2} M_2 V_2^2 + \frac{1}{2} (1-e^2) \frac{M_1 M_2}{M_1 + M_2} V_3^2$$

231234

- 1 Hreyfiorkan, sem er í hnefanum fyrir höggið.
- 2 Hreyfiorka hnefans, eftir að höggið hefur fallið.
- 3 Hreyfiorka hlutarins eftir höggið.
- 4 Orka, sem tapast í högginu.

Athugasemdir við greinina.

Töpuð orka er nánar tiltekið varmi, sem myndast í stykkini og hnefanum við áreksturinn. Varminn myndast þegar höndin og stykkið þjappast saman áður en stykkið brotnar. Stuðullinn táknað hversu mikil fjaðrandi áreksturinn er. Í þessu tilfelli er best að hafa sem næst 1 því þá er stykkið stökkt og hnefinn stinnur.

Í formúlunni í greininni er gert ráð fyrir, að höndin falli á stykkið, en sé ekki keyrð í gegn um það af afli eins og þó er tekið fram í lok greinarinnar. Í formúluna vanrar því vinnuna, sem lögð er til hnúanna á meðan brotið varir. Sú vinna er $W = F s$. Ef við gerum ráð fyrir að stykkið gefi eftir um $s = 5 \text{ mm}$ áður en það brotnar og sterkur maður fylgi högginu eftir með kraftinum $F = 500 \text{ N}$, er hér um að ræða viðbótarkuna $W = 2.5 \text{ J}$. Hún er hins vegar litil miðað við hreyfiorku handarinnar fyrir árekstur og því réttlætanlegt að sleppa henni. Það þarf hins vegar að útskýra.

Hluturinn hefur enga orku fyrir höggið og er bannig 0. Þess vegna er hún ekki sýnd vinstra megin jafnaðarmerkisins. Þar sem engin orka tapast fyrir höggið, er hún núll og ekki heldur sýnd vinstra megin jafnaðarmerkisins. Hafa ber i huga að orkan í vinstri hlíð jöfnunrar verður að vera jöfn orkunni í hægri hlíð hennar. Það er orkan sem fer í höggið = orka sem tapast.


Takao segir, að til þess að hafa vald á kime, verði sérhver að gera orkutapið sem minnst og hafa stjórn á orkunni í hnefanum eftir snertingu við það, sem brjóta á. Til að þetta megi verða er nauðsynlegt að vera afslappaður áður en höggið riður af, en stinnur í högginu sjálfu og eftir það. Það getur einnig verið gott að snúa úlnliðnum að eins fyrir snertingu við hlutinn. Allir hlutir svigna og gefa litillega eftir áður en þeir brotna. Venjulega er þessi sveigjanleiki meiri, ef brotið er með rólegri hreyfingu, en að hinn bóginn mun minni, ef brotið er með snöggum höggi. Sem dæmi má taka glerplötu, sem lögð er á tvo tré-kubba. Múrsteinn, sem lagður er varlega ofan á hana brýtur hana ekki, en sé hann láttinn detta brotnar platan.

Því meiri hraði, sem er í högginu þeim mun meiri likur eru til þess, að hann brotni.

En hvað er svo kime?

Það er að nota rétta likamshreyfingu og stinnleika með eins miklum hraða og mögulegt er og fylgia högginu eftir, þar til mótaða er horfin.





Atli Erlendsson og Árni Einarsson urðu í 3ja og 4ða sæti í -60 kg floknum.

NM '84

Norðurlandamótið í karate var haldið í Karlstad í Svíþjóð þann 24. nóv. Til leiks voru mættir Norðmenn NM-meistararnir síðan í fyrra, Finnar og Svíar með einn heimsmeistara og silfurliðið af HM '84. Ísland mætti með lið og í fyrra sinn var kvenmaður með til þátttöku. Liðið var skipað þeim Atla Erlendssyni, Árna Einarssyni, Ómari Ívarssyni og Jónínu Olesen frá Karateféluginu, Karli Sigurjónssyni Þórshamri og Stefáni Alfreðssyni úr Stjörnunni. Landsliðsbjálfari er Ólafur Wallevik.

Mótið hófst með liðakeppninni. Fyrsti kepptu Norðmenn og Íslendingar. Það var spennandi keppni, því Norðmenn unnu aðeins með 4ra stiga mun (16—12). Svíar og Finnar gerðu því næstjafntefli, en er Finnarnir mættu Íslendingunum í keppninni þar á eftir, sigruðu þeir Íslendingana frekar auðveldlega. Aðeins Atli sigraði sína keppni á móti Prittoja. Norðmenn unnu síðan Svíar og Svíarnir Íslendingana fremur auðveldlega. Finnarnir tryggðou sér síðan NM-titilinn, er þeir sigurðu Norðmenn.

Því næst hófst einstaklingskeppnin.

Í undir 60 kg flokki voru þeir Atli og Árni meðal keppenda. Atli sigraði Partanen frá Svíþjóð

en tapaði síðan fyrir Koski. Árni tapaði fyrir Kiel, en sigraði síðan Alen. Kiel og Koski lento báðir í úrslitunum, þar sem Koski sigraði. Íslendingarnir komust því í baráttuna um þriðja sætið í gegnum uppreisnarflokkinn og lyktaði því með sigri Atla. Þetta var því í annað sinn sem Ísland fær mann á pall á NM í Karate.

Karl Sigurjónsson keppti í undir 65 kg flokki. Hann lenti á móti Stein Rønning frá Noregi og NM-meistararanum frá í fyrra. Rønning vann, enda orðin keppnisreynður mjög. Úrslitin urðu því að Ramon Malave, sænski heimsmeistarinn varð NM-meistarinn í ár, Arild Lund annar og Rønning þriðji.

Stefán Alfreðsson tapaði fyrir Finnanum Waenerberg og svo aftur í uppreisnarflokknum fyrir Elafi frá Svíþjóð með frekar litlum mun. Úrslitin urður því Don Stello Svíþjóð fyrstur, Waenerberg annar og Elafi þriðji.

Í undir 75 kg var enginn Íslendingur. Þar sigraði Partanen frá Svíþjóð Hansen frá Noregi. Þriðji varð Alstadsather Noregi.

Ómar Ívarsson keppti í undir 80 kg flokki. Hann lenti á móti Podkorni frá Svíþjóð og NM-meistararanum í fyrra. Hann sótti ekki gull í greipar Podkornis. En




Jónína Olesen eini kvenmaðurinn í landsliðnu varð í 4ða sæti í kata. Hér er hún í Saifa.



Marika Strömberg Svíþjóð varð í 2. sæti í kata kvenna. Hér er hún í byrjun Seinchin.

Conny Ferm





Stefán Alfreðsson tapaði fyrir Finnlandsmeistaranaum '84 Kim Waaenerberg.

Gamla kempman Turunen frá Finnlandi varð hlutskarpastur í +80 kg flokknum. Hér er hann í úrslitunum á móti Ara Viljama.



önnur úrslit þar urðu að Tuovinen frá Finnlandi varð fyrstur, Sviinn Tell annar og Nyborg Noregi þriðji.

Í þungavigtinni var enginn Íslendingur. Því sigraði gamla kempman Turunen og landi hans Ari Viljarna annar. Halvorsen Noregi varð þriðji.

Íslenska kvenþjóðin átti í fyrsta sinn fulltrúa á NM. Jónína Olesen keppi í flokki undir 53 kg. Hún tapaði fyrsta bardaganum á móti gamalreyndri, Kauria frá Finnlandi. Í uppreisnarflokknum var hún á móti Johansen frá Noregi, en tapaði þar naumlega. Góður árangur hjá henni svona í fyrsta sinn. Úrslitin í þeim flokki urðu því Laine vann, Kauria önnur og norska Myhren þriðja. Í undir 60 kg sigraði Varelius Finnlandi, önnur Engelstad Noregi og Edstar Svíþjóð þriðja. Í yfir 60 kg var Kari Lund aftur efst, síðan kemur

Lindqvist Finnlandi og Trenkle Svíþjóð þriðja.

Í liðakeppni kvenna sigruðu Finnar líka og norsku stelpurnar aðrar og Sviar í þriðja sæti.

Á þessu móti var keppt í kata til reynslu. Fáir keppendur voru mættir, enda vissu sumir seint um þetta. Í kata karla sigruðu Svíþjóðarmeistarinn Kee en Conny Ferm kom þar rétt á eftir. Liverud frá Noregi varð þriðji. Ísland var ekki með neinn keppanda í þessum flokki.

Í kata kvenna sigraði Lena Svenson en Marika Strömberg varð önnur, báðar frá Svíþjóð. Þriðja varð norska stúlkán Höiby en Jónína Olesen varð fjórða. Það skyggði nokkuð á að Danir mættu ekki en Danmerku-meistaramótið var um sömu helgi. En fyrir Ísland má segja að móti hafi komið vel út. Eitt brons og tvö í fjórða sæti.

SA

ÚRSLIT:

÷60 kg

1. Kimmo Koski Finnlandi
2. Cristian Kiel Svíþjóð
3. Atli Erlendsson Íslandi
4. Árni Einarsson Íslandi

÷65 kg

1. Ramon Malave Svíþjóð
2. Arild Lund Noregi
3. Stein Rønning Noregi
4. Martti Koponen Finnlandi

÷70 kg

1. Flavio Donstello Svíþjóð
2. Kim Waernerberg Finnlandi
3. Mehdi Elafri Svíþjóð
4. Knut Selliseth Noregi

÷75 kg

1. Marko Partanen Svíþjóð
2. Pål Erik Hansen Noregi
3. M. Alstadsather Noregi
4. Robert Paajanen Finnlandi

÷80 kg

1. Olavi Tuovinen Finnlandi
2. Göran Tell Svíþjóð
3. Björn Nyborg Noregi
4. Tapio Pirttioja Finnlandi

÷80 kg

1. Jouko Turunen Finnlandi
2. Ari Viljarna Finnlandi
3. Morten Halvorsen Noregi
4. Erik Hjerpåsen Noregi

÷53 kg

1. Sari Laine Finnlandi
2. Sari Kauria Finnlandi
3. Anita Myhren Noregi
4. Nina Johansen Noregi

÷60 kg

1. Ritva Varelius Finnlandi
2. Maiken Engelstad Noregi
3. Marie Edstav Svíþjóð
4. Sari Nybäck Finnlandi

÷60 kg

1. Kari Lunde Noregi
2. Yrsa Lindqvist Finnlandi
3. Sofia Trenkle Svíþjóð
4. Stine Nygård Noregi

Lið konur

1. Finnland
2. Noregur
3. Svíþjóð
4. Ísland

Lið karlar

1. Finnland
2. Noregur
3. Svíþjóð
4. Ísland

Kata karla

1. Paul Kee Svíþjóð
2. Conny Ferm Svíþjóð
3. Steinar Liverud Noregi

Kata kvenna

1. Lena Svenson Svíþjóð
2. Marika Strömberg Svíþjóð
3. Unni Höiby Noregi
4. Jónína Olesen Íslandi

AFMÆLISMÓT Karatefélags Reykjavíkur

Gamanið hófst með því að Davið Oddsson borgarstjóri setti mótið. Siðan hófst keppnin með kata kvenna. Þar bar hæst Jónína Ólesen sem sigraði. Í sveitakeppninni var hápunkturinn er Atli og K. Gauti KFP áttust við. Þar sigraði Atli K. Gauta glæsilega og innsiglaði þar með sigur Karatefélagsins. Þá vakti frammistaða Stefáns Friðriksdóttir FH mikla athygli. Í einstaklingskeppninni var hart barist. Í þyngsta floknum má segja að Vicente hafi staðið sig hvað best en hann átti í höggi við menn sem eru 15-20 kg þyngri en hann. Úrslit urðu annars þessi:

Kata kvenna:

1. Jónína Ólesen, Karatefélaginu.
2. Kristín Einarssdóttir, Gerplu.
3. Asta Sigurbrandsdóttir, Karatefélaginu.

Sveitakeppni:

1. Karatefélag Reykjavíkur.
2. Karatedeild Gerplu.
3. Karatedeild Stjörnunnar.

Einstaklingskeppni:

-65:

1. Árni Einarsson, Karatefélaginu.
2. Bjarni Jónsson, Karatefélaginu.
3. Sigrður Magnússon, Þórshamar.

-75:

1. Ívar Hauksson, Karatefélaginu.
2. Stefán Alfreðsson, Stjörnunni.
3. Bjarni Kristjánsson, Karatefélaginu.

+ 75:

1. Ævar Þorsteinsson, Gerplu.
2. Karl Gauti Hjaltason, Þórshamar.
3. Vicente Carrasuo, Karatefélaginu.

Aðaldómari mótsins var Ingo de Jong. Aðstoðardómarar voru Steinar Einarsson, Helgi Briem Magnússon og Sigrður Grétarsdóttir. Auk þess dæmdi Karl Gauti Hjaltason í kate.

Um úrslit þessa móts má segja að Karatefélagið sýndi og sannaði að það ber höfuð og herðar yfir öll önnur karatefélög (og deildir). En þó hart og drengilega hafi verið barist þá má gera betur og það miklu betur.

S.A.



Sigurlið Karatefélagsins f.v.: Bjarni Kristjánsson, Atli Erlendsson, Bjarni Jónsson, Árni Einarsson, Ómar Ívarsson, Ívar Hauksson, Vicente Carasco, Jónína Olesen.



Atli Erlendsson (t.h.) sópar hér Karlí Gauta og innsiglaði með því sigur Karatefélagsins með glæsibrag.

Kata kvenna

1. Mie Nakayama Japan
2. Setsuko Takagi Japan
3. Mei-Yeh Chu Taiwan

Kata karla

1. T. Sakumoto Japan
2. M. Koyama Japan
3. E. Karamitsos Þýskalandi

Kumite kvenna

- +53 kg
1. Sophie Berger Frakklandi
 2. Anita Myhren Noregi
 3. Girardet Frakklandi

+60 kg

1. Tomoko Konishi Japan
2. Kuei-Yuan Wang Taiwan
3. B. Morris Bretlandi
Sari Nybäck Finnlandi

+60 kg

1. Guus van Mourik Hollandi
2. Y. Bryan Bretlandi
3. Stine Nygard Noregi
Kari Lunde Noregi

Kumite karla

- +60 kg
1. D. Betzien Þýskalandi
 2. Nicola Simmi Ítalíu
 3. Isno Alberto Hollandi
Shinichi Hasegawa Japan

+65 kg

1. Ramon Malave Svíþjóð
2. Ingacio Lugo Mexikó
3. Roel van Loon Hollandi
Marc van Reybroeck Belgia

+70 kg

1. J. Collins Bretlandi
2. Gonsalo Rodriguez Spáni
3. Felipw Hita Spáni
C. Hackett Bretlandi

+75 kg

1. Toon Stelling Hollandi
2. J. Gomez Svíss
3. S. Serfarti Frakklandi
U. Ushida Japan

+80 kg

1. Pat McKay Bretlandi
2. Otti Roethof Hollandi
3. Giuseppe Sacchi Ítalíu
Dudlay Josepa Hollandi

+ 80 kg

- Kumite karla**
- + 80 kg
1. J. Alkinson Bretlandi
 2. Cladio Guassatoni, Ítalíu
 3. Massimo Di Luigi, Ítalíu
Marc Pytee, Frakklandi

Kumite karla opin flokkur

1. Emanuel Pinda, Frakklandi
2. Patrice Ruggiero Frakklandi
3. Iyri Kauria Finnlandi
Vic Charles Bretlandi

Kumite lið

1. Bretland
2. Svíþjóð
3. Frakkland
Spánn



Pinda verst mawashi geri Ruggiero og innsiglar sigur sinn — heimsmeistari í karate 1984.

Liðakeppnin

Rúsínan í pylsuendanum var svo liðakappnir. Þar komu Svíar mest á óvart og börðu sér leið, alla leið í úrslitin. Frakkar og Spánverjar lento í þrója sæti.

Svíar unnu Bermuda 5—0, Bandaríkin 4—1, Indonesíu 5—0 og Spánverjana 3—2. Í úrslitum voru heimsmeistararnir frá Bretlandi og Svíar. Bæði liðin hafa á mjög hávöxnum mönnum á að skipa og engan mann undir 75 kg nema Malave i sænska liðinu. Breska liðið hefur að skipa einhverja keppnisreynjustu menn í heimi og jafnframt með besta „couchinn“, en sænska liðið er enn ungt, þótt þeir hafi staðið sig vel á mótum að undan förnu.

Fyrsta keppnin var á milli Dagfellts og Luis. Dagfellt er a.m.k. 195 cm á hæð og töluvert hærri en Luis. Luis er reyndari og sigraði með ippón. Ringdal lenti á móti einum minnsta manni breska liðsins en tapaði. Podkorni stóð vel i hárinu á Thompson en Thompson vann með glæsilegri kombinasjón.

Jensen var á vellinum eins og einhver himna súla og varðist eins og hann best gat en tapaði fyrir Sailesman sem skoraði 2 ippón og 1 waasari. Minnsti keppandinn, Malave létt McKay ekki komast upp með neitt moð og þeir skildu jafnir, eftir að báðir höfðu náð waasari. Stóra Bretland sigraði því Svía

4—0. Breska liðið er áberandi sterkast og fóru létt með alla sina sigra. Þeir hrifu alla áhorfendur með sér með sínu frábæra keppnisskapi og íþróttamannslegu framkomu. Þeir eru því verðskuldaðir heimsmeistarar og nú í þrója sinn. Svíar komu mikið á óvart á þessu móti. Fengu einn heimsmeistara og silfur í liðakeppninni. Norðmenn voru ekki langt á eftir með stúlkurnar sinar, eitt silfur og tvö brons. Danir sýndu hvað í þeim bjó og eru þeir liklega að komast upp úr þeiri miklu lægð er þeir hafa verið i.

SA

Athugasemdir ritstjórnar við bls. 7.

Þar sem langt er nú liðið síðan grein þessi var skrifuð, þá bykir ritstjórn rétt að bæta örlistlu við.

World Cup 1984 hefur verið haldið í Budapest eins og ákveðið var. Þó mættu ekki allir til leiks, s.s. V-Þýskaland og Bretland, sem ásamt Japönum eru sterkustu þjóðirnar í IAKF. Þá létt Nishiyama ekki heldur sjá sig. Japanir mættu með blandaa lið WUKO og IAKF og stóðu sig mjög vel. Unnu kata kvenna og karla, auk opna flokkinn í kumite og nokkra þyngdar flokka.

Það er því ljóst af þessu að samining WUKO og IAKF er ekki í sjónmáli. Róðurinn á ÖL þyngist því enn frekar og ekki bætir úr skák að tae kwon do mun verða kynnt á ÖL í Seoul 1988.

HM '84

Heimsmeistaramótíð í karate var haldið í Maastricht í Hollandi í 7unda sinn þann 24. október síðastliðinn. Mættar voru 46 þátttökubjóðir. Keppt var í kata kvenna og karla og í kumite kvenna (3 þyngdarflokkar) og kumite karla (6 þyndarflokkar og opinn flokkur), auk liðakeppni.

Kata karla

Sakumoto ýtti landa sinum Koyama fyrrverandi heimsmeistara í annað sætið, en baráttan var annars hnifjöfn milli þeirra. Í þriðja sæti var grísk ættangi Þjóðverjinn Karimitsos, nokkuð á eftir. Sviinn Conny Ferm náði 7. sæti, en það var það hæsta sem Norðurlandabjóðirnar náðu í kata.

Kata kvenna

Í kata kvenna varð Nakayama í 1. sæti í annað sinn. Annað sætið hlaut einnig Japani, Takagi en 3ja varð Chu frá Taiwan. Nakayama hafði töluverða yfirburði, en það var mjótt á mununum milli hinna.

Kumite kvenna

Kumite kvenna var með því skemmtilegra á mótinu. Þær sem í úrslitum keppa standa hinu kyninu ekkert að baki í tækni, snerpu og liðleika. Í $\div 53$ kg var norsk stúlka Myhren í baráttunni um 1. sætið en varð að láta í minni pokann fyrir S. Berger frá Frakklandi (6—3). Finnsk stúlka Sari Nybäck varð þriðja ásamt B. Morris (Bretlandi)



Conny Ferm varð í 7. sæti ásamt Evrópumeistarana. Besti árangur norðurlandabúa í kata á heimsmeistaramótí til þessa.



Heimsmeistarinn í kata karla, Sakumoto frá Japan, sýndi frábært jafnvægi í sínum kraftmikla stil.

en sigurvegari í $\div 60$ kg varð Tomoko frá Japan eftir að hafa rótburstað Wang frá Taiwan, (6—0).

Heimsmeistari í $\div 60$ kg varð Guus van Mourik samkvæmt hefð, en hún hefur verið ríkjandi á öllum stórmótum hin síðari ár. Önnur varð Bryan (Bretlandi) sem tapaði með miklum mun (6—1). Í þriðja sæti urðu svo tvær norskar Kari Lunde og Stine Nygård. Frábær árangur.

Kumite karla

Í $\div 60$ kg náðu Hasegawa frá Japan og Alberto Hollandi þriðja. Úrslitin var glíma gleði og gráturs. Þær áttust við Þjóðverjinn Betzien og junior Evrópumeistarinn Simmi. Betzien, sem sigraði, var mun yfirvegaðri en Simmi, sem barðist af mikilli grimmd og látum, féll saman og hágrét af vonbrigðum af itölskum síð.

Sten Rönning átti í harðri baráttu við Belgan Reybroeck um þriðja sætið í $\div 65$ kg. Reybroeck vann

4—2. Með honum varð van Loon frá Hollandi. Sviinn Ramon Malave sigraði Mexikanan Lugo (6—2) í skemmtilegri keppi. Heimsmeistarinn fyrrverandi, Suzuki frá Japan, gekk illa og lauk keppni fremur snemma. Hann átti þó hug og hjörtu áhorfenda og var mikið baulað er úrslitum síðustu keppni hans voru kunngjörð.

Bretar og Spánverjar áttu $\div 70$ kg flokkinn. Collins vann Spánverjann Rodriguez auðveldlega (6—2), en í þriðja sæti urðu Hackett (Bretlandi) og Hita (Spánn).

Hollendingar fengu annað gullið sitt í $\div 75$ kg floknum. Þær marði Stelling sigur yfir Gomez (Sviss) (4—3). Í þriðja sæti voru Ushida frá Japan og Serfatí frá Frakklandi.

Ein skemmtilegasta keppnin var þegar Pat McKay frá Bretlandi og Otti Roethof frá Hollandi áttust við. McKay vann auðveldan sigur (6—0). Hann stjórnaði andstæðing sinum gjörsamlega og skoraði með þeirri tækni sem honum datt helst í hug. Gamla kempan Roethof átti enga möguleika gegn frábærum McKay. Í 3ja sæti urðu Sacchi frá Ítalíu og Josepa frá Hollandi.

Búist var við að Thompson (Bretlandi) yrði aftur heimsmeistari, en hann varð þó snemma úr sögunni. En í staðinn varð Atkinson, félagi Thompsons, heimsmeistari. Atkinson gnæfði yfir vellinum er hann gekk frá Ítalíum Guazzaroni (6—3) og varð með því þriðji heimsmeistari Bretta í einstaklingskeppninni. Í þriðja sæti urðu Pyrree (Frakklandi) og DiLuigi (Ítalíu). DiLuigi sigraði Sviann Jensen 5—2 sem varð í 4ða sæti.

Menn voru spennir fyrir opna floknum, því á Word Cup í mars, hafði Suzuki (64 kg, 170 cm) náð öðru sæti í opna floknum fyrir utan að sigra í $\div 65$ kg. Honum tókst ekki að leika sama leikinn aftur, en tapaði naumlega (2—1) fyrir Ruch frá Sviss. Það lék þó enginn vafi á því hvor væri betri.

I undanúrslitum tapaði Vic Charles fyrir Ruggiero, eftir framlengingu. Charles (Bretland) endaði í þriðja sæti með Kauria (Finnland). Kauria hafði þá sigrað Arild Engh (Noreg) 4—0. Úrslitin áttu svo tveir Frakkir, þeir sömu og barist höfðu í úrslitunum á Evrópumeistaramótinu. Þá vann Ruggiero en nú var Pinda í essinu sinu og vann daufan Ruggiero (6—3).